



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST – FÉLAGSVÍSINDAEILD

SUMARMISSERI 2011

## „Viltu biðja jólasveininn um að gefa mér íslenskt nammi í skóinn?“

Af „kanamenningu“ í Keflavík og samfélagslegum áhrifum af  
setu varnarliðsins á Miðnesheiði á menningu og daglegt líf

LOKARITGERÐ TIL MA-PRÓFS Í MENNTA- OG MENNINGARSTJÓRNUN

NEMANDI: BRYNJA AÐALBERGSDÓTTIR

LEIÐBEINANDI: SIGRÚN LILJA EINARSDÓTTIR

Staðfesting lokaverkefnis til MA-gráðu í Mennta- og menningarstjórnun

Lokaverkefnið :

---

(titill)

eftir :

---

(nafn námsmanns kennitala)

hefur verið metið og varið á málsvörn frammi fyrir dómnefnd þriggja dómnefndarmanna  
samkvæmt reglum og kröfum Háskólans á Bifröst

og hefur hlotið lokaeinkunnina : \_\_\_\_\_ .

Bifröst hinn \_\_\_\_\_ dag \_\_\_\_\_ mánaðar, á því herrans ári \_\_\_\_\_

---

Rektor

## Útdráttur

Í rúmlega hálfra öld dvaldi bandarískur her á Miðnesheiði ofan við Keflavík. Markmið með rannsókn þessari er að kanna áhrif varnarliðs Bandaríkjahers á Keflavík, einkum á menningu og daglegt líf. Rannsóknaraðferðin var eigindleg og voru fengnir viðmælendur til viðtals og var um hálfopin djúpvíðtöl að ræða þar sem viðmælendur ræddu reynslu sína, upplifanir og minningar tengdar veru varnarliðsins. Viðmælendur voru að nokkru leyti sjálfvaldir en einnig er um snjóboltaáhrif að ræða. Viðtölin fóru fram frá mars til maí 2011. Rætt var við átta einstaklinga ásamt fjórum einstaklingum í rýnihóp. Niðurstöður viðtala leiddu til þemagreiningar þar sem efni niðurstaðna var þrengt og var skipt í nokkra kafla sem eru um stríð, atvinnu á vellinum, húsnæði, smygl, tónlist, konur, börn og að lokum er skoðað annað sjónarhorn, með augum aðfluttra Keflvíkinga. Meginniðurstöður gefa til kynna að viðmælendur eru jákvæðir gagnvart veru varnarliðsins á Miðnesheiði. Viðmælendur eru almennt sammála um að herinn hafi verið Keflavík til góðs og þrátt fyrir bandarísk áhrif á Keflavík og Keflvíkinga eru allir viðmælendur hlynntir veru varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Viðfangsefnið býður upp á óendanlega möguleika þar sem hvert efnið sem hér er tekið fyrir getur verið uppspretta að stærri rannsókn og dýpri.

**Lykilorð:** Keflavík, menningaráhrif, bandarískur her, samskipti (milli hermanna og Keflvíkinga), siðferði.

## Abstract

### **The presence of an US NATO base and its influence on the local community and everyday life in Keflavik, Iceland: Personal narratives and perspectives on local memory and identity**

For more than half a century the United States Army maintained a NATO base on Miðnesheiði, an area in the vicinity of the town Keflavík, Iceland. The objective of this study is to examine the NATO base's influence on the local community of Keflavik, especially on the culture and everyday life. Data collection consisted of semi-structured qualitative interviews where respondents discussed their experiences, memories and experiences related to the U.S. military presence. Interviewees were to some extent self-selected but there is also a snowball effect when choosing the sample. The interviews were conducted from March to May 2011. The researcher also interviewed four individuals in a focus group. Results of interviews were analysed with coding analyses and the results were divided into several sections; the war, work on the base, housing, smuggling, music, women, children and finally different perspectives, through the eyes of people who were not 'natives' and had relocated to Keflavik in their adult life. The main results indicate that the interviewees were positive about the U.S. military staying in Iceland. The respondents generally agreed that the Army has been good for Keflavík, despite the American influence on the community. Interviewees were all supportive of U.S. military presence in Keflavik. The subject offers infinite possibilities since each section or theme presented here may be a good source for further research.

## Þakkir

Þeir viðmælendur sem gáfu tíma sinn fá bestu þakkir fyrir að deila minningum sínum, reynslu og upplifunum. Allir þeir viðmælendur sem komu að þessu verkefni voru afar jákvæðir og viljugir til að taka þátt og ber að þakka góðar viðtökur.

Innilegar þakkir fær leiðbeinandi verkefnisins, Sigrún Lilja Einarsdóttir, fyrir hvetjandi, uppbyggandi og góða leiðsögn og fyrir að beina mér á rétta braut við val á efni.

Einnig fær Guðbjörg Aðalbergsdóttir kærar þakkir fyrir endalausar hvatningu, góð ráð, þolinmæði og prófarkalestur á verkefni þessu.

Rannsakandi vill þakka syni, foreldrum, vinum og samstarfsfólki fyrir stuðning, hvatningu og þolinmæði á meðan að vinnslu verkefnisins stóð.

# Efnisyfirlit

|   |           |
|---|-----------|
| Útdráttur.....  | 3         |
| Þakkir.....   | 5         |
| Efnisyfirlit.....   | 6         |
| <b>1. Inngangur.....</b>  | <b>8</b>  |
| 1.1 Lýsing á viðfangsefni.....  | 8         |
| 1.2 Rannsóknarspurning og markmið rannsóknar.....   | 8         |
| 1.3 Kynning á aðferðarfræði rannsóknar.....   | 9         |
| 1.4 Fræðileg nálgun.....  | 10        |
| 1.5 Rökstuðningur fyrir vali á viðfangsefni.....  | 11        |
| 1.6 Uppbygging ritgerðar.....   | 12        |
| <b>2. Fræðilegur bakgrunnur.....</b>  | <b>13</b> |
| 2.1 Alþjóðavæðing menningar.....  | 13        |
| 2.2 Samfélagslegt minni, samfélagsleg sjálfsmynd (e. collective memory, collective identity)..... | 14        |
| 2.3 Sjálfsmynd þjóðar.....  | 15        |
| 2.4 Dægurmenning.....   | 17        |
| 2.5 Rannsóknir og hagnýtt gildi.....  | 18        |
| 2.6 Söguleg þróun.....  | 19        |
| 2.6.1 Upphafið.....   | 19        |
| 2.6.2 Keflavík og síðari heimstyrjöldin.....  | 21        |
| 2.6.3 Einokunarverktakar á vellinum.....  | 24        |
| 2.6.4 Ástandið.....   | 24        |
| 2.6.5 Og stríðinu lauk.....   | 26        |
| <b>3. Aðferðarfræði rannsóknar.....</b>   | <b>28</b> |
| 3.1 Þátttakendur rannsóknar og val á úrtaki.....  | 28        |
| 3.2 Hönnun á rannsókn og rannsóknaraðferðir.....  | 30        |
| 3.3 Eigindleg viðtöl.....   | 31        |

---

|  |           |
|--|-----------|
| 3.4 Rýnihópar (e.focus group).....                                     | 33        |
| 3.5 Aðgengi að gögnum og greining gagna.....                           | 34        |
| 3.6 Staða rannsakanda innan rannsóknar, réttmæti og áreiðanleiki ..... | 34        |
| <b>4. Niðurstöður .....</b>  | <b>36</b> |
| 4.1 Stríðið í Keflavík.....  | 36        |
| 4.2 „Jú, við græddum á kanavinnunni“ .....                             | 38        |
| 4.3 Ameríkanar „niður frá“ og Íslendingar „uppfrá“ .....               | 42        |
| 4.4 Smyglið, var það í lagi?.....                                      | 44        |
| 4.5 Tónlistin á vellinum .....   | 47        |
| 4.6 Konur í kanaanum .....   | 50        |
| 4.7 Blessuð börnin.....  | 56        |
| 4.8 Keflavík, annað sjónarhorn .....                                   | 59        |
| <b>5. Umræður og ályktanir .....</b>                                   | <b>63</b> |
| 5.1 Alþjóðavæðing í Keflavík.....                                      | 63        |
| 5.2 Konur og börn .....  | 65        |
| 5.3 Atvinnan og smyglið.....   | 68        |
| 5.4 Tónlist og samskipti.....  | 69        |
| 5.5 Rannsóknir og möguleikar efnisins .....                            | 71        |
| <b>6. Lokaorð .....</b>  | <b>73</b> |
| <b>Heimildaskrá.....</b>   | <b>74</b> |

# 1. Inngangur

Í þessum inngangskafli verða markmið þessarar rannsóknar kynnt og innsýn gefin í fræðileg efnistöð og aðferðafræði rannsóknar. Einnig verður fjallað um rökstuðning fyrir vali á viðfangsefni og uppbygging ritgerðar verður hér tíunduð.

## 1.1 Lýsing á viðfangsefni

Áhrif varnarliðs á menningu í Keflavík og daglegt líf Keflvíkinga varð að viðfangsefni þessarar rannsóknar. Sú staðreynd að varnarlið Bandaríkjahers hafi verið á Miðnesheiðinni í yfir hálföld gefur tilefni til að skoða hvort menningarlegra áhrifa hafi gætt í Keflavík og hvort þau áhrif lifi góðu lífi enn í dag. Rannsakanda fannst einnig mjög áhugavert að skoða þá þætti er snúa að daglegu lífi Keflvíkinga og hvort áhrif af veru varnarliðsins hafi haft áhrif á það.

Allan þann tíma er Bandaríkjamenn dvöldu á Keflavíkurlflugvelli var að jafnaði um það bil fimm þúsund manna samfélag á vellinum og dvöldu einstaklingar í lengri eða skemmri tíma. Ljóst er að vera gestanna á Miðnesheiði hefur haft einhver áhrif, en hvernig áhrifin á menningu eða daglegt líf birtast verður nánar rætt í þessu verkefni.

## 1.2 Rannsóknarspurning og markmið rannsóknar

***Viltu biðja jólasveininn um íslenskt nammi skóinn*** er yfirtitill þessa verkefnis og eru orð rannsakanda frá barnsaldri. Foreldrar rannsakanda störfuðu á Keflavíkurlflugvelli og oft var sett amerískt sælgæti í skó rannsakanda sem bað um þessi skilaboð til jólasveinsins. Undirtitillinn er



### **Af „kanamenningu“ í Keflavík og samfélagslegum áhrifum af setu varnarliðsins á Miðnesheiði á menningu og daglegt líf.**

Það að kanna hvort kanamenning hafi verið til staðar í Keflavík hefur ekki verið skoðað sérstaklega en er afar áhugaverður útgangspunktur og í reynd nánast óþlæggður akur, þótt ýmislegt hafi verið rannsakað og skrifað, m.a. um tónlistina og hið svokallaða ástand (sem þó er mun meira tengt hernámsárunum heldur en árunum eftir stríð).

Markmið rannsóknarinnar er að fá svör við því að hvaða leyti Bandaríkjamenn höfðu áhrif á meðan þeir dvöldu á Keflavíkurflugvelli og í mörgum tilfellum í Keflavík. Rannsóknin skiptist í þrjá meginþætti:

- Í fyrsta lagi að skoða áhrif á daglegt líf Keflvíkínga sem bæði störfuðu á vellinum en einnig eru viðtöl við Keflavíkínga sem aldrei störfuðu á vegum varnarliðsins.
- Í öðru lagi skal kanna upplifun barna er ólust upp á meðal varnarliðsmanna og einnig er viðhorf eiginkvenna hermanna skoðuð.
- Í þriðja lagi eru viðhorf aðfluttra og brottfluttra Keflvíkínga könnuð til þess að fá þeirra sjónarhorn á hvort ýmislegt í daglegu lífi í Keflavík sé að einhverju leyti athyglisvert eða „öðruvísi“ í augum þess aðflutta.

### **1.3 Kynning á aðferðarfræði rannsókna**

Aðferðarfræði rannsóknarinnar byggir á eigindlegum viðtölum, bæði hálfopin djúpvíðtöl við einstaklinga og hópviðtöl (rýnihópa). Meginpunktur verkefnisins er þó persónusaga (personal narratives) þar sem einstaklingsviðtöl verða tekin við valda einstaklinga en einnig er um snjóboltaáhrif að ræða, það er viðmælandi benti á annan viðmælanda sem tengist efninu.

Rannsóknarnálgunin einkennist af aðleiðslu þar sem um opna rannsóknarspurningu er að ræða. Rannsakandi fór á vettvang og safnaði sögum og upplifunum viðmælenda sinna. Þýði rannsóknar er Keflvíkingar og úrtakið valið með tillit til uppeldisstaðar viðkomandi viðmælenda. Þýðið er allt lögráða á aldrinum 18-80 ára og eru eða hafa verið búsettir í Keflavík. Viðmælendur skiptast í meginatriðum í þrjá hópa:

- Í fyrsta lagi verður rætt við Keflvíkinga á áttæðisaldri, bæði sem uppaldir eru í bæjarfélaginu sem og annars staðar, en hafa búið í Keflavík um árabil. Í þeim viðtölum verður leitast við að fá upplifanir og sögur frá þeim tímum er varnarliðið var á Miðnesheiði.
- Í öðru lagi verður rætt við aðila sem eru aldir upp að einhverju leyti á varnarliðssvæðinu eða tengjast því með hjónabandi við bandarískan hermann.
- Í þriðja lagi verður rætt við aðflutta Keflvíkinga og kannað hvort að aðfluttir bæjarbúar upplifi annars konar menningarlegan blæ á bæjarfélaginu sem tengjast veru varnarliðsins. Hér er um að ræða rýnihóp sem á það sameiginlegt að hafa flutt til Keflavíkur á ólíkum tíma.

## 1.4 Fræðileg nálgun

Markmið rannsóknarinnar er að skoða menningarleg áhrif á daglegt líf Keflvíkinga og til að skoða efnið í samfélagslegu samhengi er skoðað kenningar um nýsköpun í menningu með alþjóðlegum áhrifum sem Thorsby (2001) og Ágúst Einarsson (2008) fjalla um í ritum sínum.

Efnið er einnig skoðað með því að varpa mynd af samfélagslegu minni (collective memory) sem bæði Eyerma (2004) og Wang (2008) báðir fjalla um minnið en einnig um samfélagslega sjálfsmýnd sem áhugavert er að skoða eins og í tilfelli Keflavíkur sem hefur gengið í gegnum gríðarlegar breytingar á síðustu áratugum. Sjálfsmýnd þjóðar og einstaklingsþátturinn er einnig skoðaður og er stuðst við bók Ian Brooks (2003) þegar greint er

frá einstaklingnum í hóp eða samfélagi. Ýmsar greinar og umfjallanir sem tengjast efni verkefnisins eru viðraðar.

## 1.5 Rökstuðningur fyrir vali á viðfangsefni

Sú staðreynd að lítið ef nokkurt efni er til um áhrif varnarliðsins á daglegt líf Keflvíkingar og menningarleg áhrif var í raun nægur rökstuðningur fyrir vali á efninu. Viðfangsefnið er mjög fjölbreytt og var afar ánægjulegt að vinna það og fá nýja sýn á viðfangsefnið. Að mestu hefur verið skrifað um varnarliðið í tengslum við hernaðarlega og pólitíska sögu og hafa Friðþór Eydal, Þór Whitehead og Valur Ingimundarson skrifað nokkuð um efnið. Þóra Kristín Ásgeirsdóttir skrifaði viðtalsbók um konur í ástandi sem heitir *Herbrúðir* (1994). Um kanasjónvarp og kanaútvarp hefur verið skrifað en ekki hafa einstaklingssögur verið mikið skoðaðar nema í bók Þóru Kristínar. Mörg önnur sjónarmið eru möguleg þegar tengsl varnarliðsins við Ísland eru skoðuð.

Rannsakandi valdi að skoða einstaklingssögur og er því um frumrannsókn að ræða. Einstaklingssögurnar eru aðaluppistaða verkefnisins og eru nýmæli. Úrval heimilda var takmarkað en fjölmiðlaumræður voru skoðaðar á tíma varnarliðsins en að mestu leyti einkennast þær af pólitískri umræðu og átökum á milli herstöðvaandstæðinga og þeirra sem hlyntir voru veru varnarliðsins. Hins vegar ákvað rannsakandi að skoða nánar þá umfjöllun er snýr að menningarlegum áhrifum og tekur dæmi um slíka umræðu.

Á þessu efni hefur ekki verið gerð formleg rannsókn áður og er því tími kominn til að fjalla um „kanamenningu“ í Keflavík og víðar, að mati rannsakanda.

## 1.6 Uppbygging ritgerðar

Hefðbundin uppbygging er í þessu verkefni. Í kafla 2 er fjallað um helstu hugtök og kenningar. Í kafla 2.1 er aðallega fjallað um alþjóðavæðingu menningar. Samfélagslegt minni og samfélagsleg sjálfsmynd eru til umfjöllunar í kafla 2.2 en í kafla 2.3 er það sjálfsmynd þjóða og þar á eftir í kafla 2.4 er það dægurmenning sem er rædd. Í kafla 2.5 eru rannsóknir og hagnýtt gildi rædd. Í kafla 2.6 er umfjöllun um sögulega þróun og eru undirkaflarnir sex þar sem saga Keflavíkur er rakin, einkum í tengslum við uppbyggingu varnarsvæðisins á Miðnesheiði.

Í þriðja kafla eru aðferðafræði rannsókna lýst. Í kafla 3.1 er þátttakendur rannsókna kynntir og í kafla 3.2 er hönnun rannsókna skýrð ásamt rannsóknaraðferðum. Eigindleg viðtöl eru til umfjöllunar í kafla 3.3 og í framhaldi af honum í kafla 3.4 er rýnihópur kynntur. Aðgengi að gögnum og greining gagna er svo í kafla 3.5 en í kafla 3.6 er staða rannsakanda rædd ásamt réttmæti og áreiðanleika rannsókna.

Fjórði kafla ritgerðarinnar hefur að geyma niðurstöður rannsókna. Efninu er skipt upp í átta meginkafla og fjalla þeir um mismunandi efni verkefnisins. Í fyrsta hluta fjórða kafla (kafla 4.1.) er fjallað um stríðið í Keflavík og minningar tengdar því rifjaðar upp af viðmælendum. Í kafla 4.2 er til umfjöllunar atvinna á Keflavíkurflugvelli og í undirkafla 4.2.1 er verktakastarfsemi á vellinum til skoðunar. Húsnæðismál og samskipti eru aðalumfjöllunarefni í kafla 4.3. Í kafla 4.4 er smygl rætt og það mikla magn af vörum sem flæddi af Keflavíkurflugvelli. Þau áhrif og tækifæri sem völlurinn hafði fyrir íslenskt tónlistarfólk er stuttlega rædd í kafla 4.5. Konur eru í aðalhlutverki í kafla 4.6 og blessuð börnin í aðalhlutverki í kafla 4.7. Annað sjónarhorn er rætt í lokakafla fjórða kafla þar sem litið er á Keflavík með augum aðfluttra og brottfluttra Keflvíkinga.

Fimmti kafla ritgerðar hefur að geyma umræður og ályktanir þar sem niðurstöður eru ræddar með ívafi fræðanna. Sjötti kafla hefur að geyma lokaorð þessa verkefnis.

## 2. Fræðilegur bakgrunnur

Í öðrum kafla er farið yfir fræðilegan grunn er tengist efninu um varnarliðið á Keflavíkurlugvelli. Efnið er tengt við kenningar fræðimanna og skoðað í ljósi kenninganna.

### 2.1 Alþjóðavæðing menningar

Nýsköpun í menningu er að sumu leyti afleiðing alþjóðavæðingar sem getur leitt af sér menningarlegan og fjárhagslegan ávinning. Alþjóðavæðing menningar hefur í för með sér að markaðssvæði stækka, menning dreifist hraðar og fyrirtæki hafa möguleika á að auka markaðshlutdeild sína. Jafnframt getur alþjóðavæðing menningar haft í för með sér umburðarlyndi á milli þjóða og stuðlað að friði (Thorsby, 2001; Ágúst Einarsson, 2008). Í Evrópu hafa þjóðir verið að þjappa sér saman undir væng Evrópusambandsins. Í mörgum tilvikum ýtir sú samþjöppun undir aukna þjóðernisvitund og þjóðerniseinkenni. Þjóðirnar skilgreina sig skýrar, sérstaklega verður skýr hin menningarlega sjálfsmynd þjóðanna (Thorsby, 2001).

Þegar varnarliðið settist að á Miðnesheiði komu fram sterkar skoðanir um að þjóðin væri í menningarlegri hættu. Sveinn Skorri Höskuldsson ræðir í grein sinni í *Stúdentablaðinu* árið 1955 þessa ógn sem steðji að þjóðinni. Hann ræðir menningarlega hættu sem stafi af dvöl varnarliðsins og telur að margt af því unga fólki sem starfi á vegum varnarliðsins sé áhrifagjarnt og að það sé aukin hættu á að menn taki upp lélega siði og hætti en hitt sem til fyrirmyndar mætti telja (Sveinn Skorri Höskuldsson, 1955). Menningarviðburðir verða fjölbreyttari með alþjóðavæðingu en með framlagi frá hinu opinbera getur þjóð ýtt undir þjóðlega menningarviðburði og um leið aukið þjóðarstolt og þjóðerniskennd. Aukið framboð afþreyingarefnis fylgir alþjóðavæðingu og bendir Thorsby á að ekki skuli standa gegn henni heldur stýra á þann hátt að sem flestir geti nýtt sér efnið (Thorsby, 2001).

Sveinn Skorri lýsir áhyggjum sínum af áhrifum hers á ungt fólk í grein sinni og þá sérstaklega á menningu. Thorsby telur að menningarleg sérkenni geti orðið óskýrari og jafnvel hverfi og alþjóðleg menningarleg tákni taki yfir. Táningar í amerískum klæðnaði drekkandi Coca Cola eru tákni myndir vestursins og mætti flokka undir menningarlega heimsvaldastefnu (Thorsby, 2001). Það kemur fram í kaflanum um sögulega þróun að Keflvíkingar sáu fyrst drykkinn Coca Cola á jólaballi sem haldið var á vegum hersins. Upphaf alþjóðavæðingar á Íslandi kom með stríðinu þegar Bretar og Bandaríkjamenn komu með varning sem aldrei hafði sést á landinu, til dæmis tyggjógúmmí.

## 2.2 Samfélagslegt minni, samfélagsleg sjálfsmynd (e. collective memory, collective identity)

Samfélagslegt minni og samfélagsleg sjálfsmynd eru félagsleg fyrirbæri sem minna okkur á liðna atburði, einstaklinga eða staði, eru sameiginleg minning manna og segir til um fyrir hvað við stöndum sem samfélag, og hvernig sjálfsmynd samfélagsins er (Eyerman, 2004).

En hverjir eru það sem velja, sem minna okkur á það sem liðið er, það sem er í minni samfélagsins? Sagnfræðingar, listfræðingar og pólitíkusar eru líklega þeir aðilar sem mest áhrif hafa á það hverju er haldið mest á lofti, hvað sett er upp til minningar um stað, atburð eða einstakling. Samfélagslegt minni er auðvitað upphaflega sprottið af einstaklingnum og er eitthvað sem við mannfólkið ákveðum sjálf. Samfélagslegt minni er það sem einstaklingarnir koma sér saman um að vert sé að minnast og geta þau kennileiti verið margskonar (Wang, 2008).

Samfélagslegt minni gæti verið þær vörður sem á vegi okkar verða og minna á sögu samfélagsins, einstaklinga, atburði eða staði. Þessar vörður geta verið í margvíslegum myndum eins og til dæmis minnismarki, stytur, kennslubækur í sögu og fleira sem geta verið kennileiti (Eyerman, 2004). Eyerman bendir einnig á í kenningum sínum um samfélagslegt minni að það

fléttast óneitanlega við sjálfsmynd samfélaga (e. collective identity). Sem dæmi um hvernig samfélagslegt minni og sjálfsmynd samfélaga fléttast í Keflavík væri ekki úr vegi að minnst á það þegar einn viðmælandi sem er aðfluttur Keflvíkingur nefnir þær miklu jólaskreytingar sem Keflvíkingar virðast vera sammála um að hafa. Bandaríkjamenn á Keflavíkurlflugvelli settu upp sínar jólaskreytingar afar snemma og þessi hefð virðist hafa smitast til Keflavíkur því í dag eru Keflvíkingar þekktir fyrir að skreyta hús sín mikið og snemma fyrir jól.

Qi Wang fjallar um menningarlega samsetningu í sameiginlegu minni, í rannsókn sinni sem nefnist “On the Cultural Constituion of Collective Memory“(2008). Wang segir að til að skilja ferlið, reynsluna og útkomu af sameiginlegu minni verði að taka tillit til einkenna samfélagsins og einstaklinganna sem þar búa. Atburðinn eða minnið sem um ræðir verður að setja í sögulegt, félagsfræðilegt og menningarlegt samhengi til að meta atburðinn. Rétt eins og ekki er hægt að skilja dans frá dansara er ekki hægt að skilja samfélagslegt minni frá einstaklingi samfélagsins. Wang telur að ætla megi að samfélagslegt minni styrki samfélagið þar sem um sameiginlega reynslu er að ræða og geti leitt til þess að meðlimir samfélagsins eigi í samfélagslegu sambandi (e. collective intimacy) (Wang, 2008).

## 2.3 Sjálfsmynd þjóðar

Hvað er þjóð? Hvað er þjóðerni? Hvað er þjóðarsál og hver hefur hana? Hvað er það sem gerir okkur að þjóð? Hver segir að við séum þjóð? Hvenær urðum við þjóð? Þegar horft er á heimskortið er Ísland er eitt merkilegasta land í heimi, við erum ein á báti í miðju Atlantshafi engin landamæri liggja að okkur og sjálfstæð erum við, þó fá séum, reyndar eftir afar langan aðdraganda. Þó að danski kóngurinn hafi ríkt lengi þá var ekki af okkur tekið tungumálið.

Margur fræðimaðurinn hefur haldið á lofti kenningum um hvers vegna þjóðir myndast, til dæmis segir Ernest Renan (1947) að tungumálið sé það sem geri okkur að þjóð, sammála honum er Herder (1887) sem segir að sérstaða þjóðar birtist fyrst og fremst í tungumálinu. Ficht

(1846) gekk lengra en Herder og hélt því fram að tungumálið yrði að vera upprunalegt. Móðernistar hafna því að þjóðerni sé gamalt eða manningum eðlislægt og segja að þjóðerni sé afleiðing þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á undanförunum öldum. Móðernistar segja að uppruna sé ekki að finna í sögu þjóðanna eða menningu heldur sé ímyndað samfélag, og eins og Benedict Anderson (1983) segir verður þjóðerni til við ákveðnar pólistískar aðstæður á ákveðnum tíma (Sjá Guðmundur Hálfðánarson, 2001).

Líklega er þetta allt satt þegar málin eru skoðuð nánar, pólitík hefur áhrif, landfræðileg afmörkun, saga, menning og tungumálið. Allir þessir áður nefndu þættir hafa áhrif, líklega er ekkert eitt svar.

Samkvæmt kenningum um félagslega sjálfsmynd greinir einstaklingur sig í þann hóp samfélagsins sem mest er ríkjandi. Að tilheyra hóp er í eðli einstaklings. Í bók Ian Brook, *Organisation Behavior* (2003) fjallar hann um hegðun einstaklings í samfélagi. Brooks bendir á að Lewin (1955) kom með þá kenningu sem segir að einstaklingur móti samfélag sitt með hegðun sinni en umhverfi hafi einnig áhrif. Lewin bendir á þrjá þætti sem hafa áhrif á samfélagslega sjálfsmynd, en það eru einstaklingurinn sjálfur, hegðun einstaklingsins og umhverfi hans. Allir þættirnir hafi jafnmikið vægi í mótun samfélags. Þegar umhverfi breytist og nýir áhrifaþættir koma til sögunnar þá bendi allt til þess að samfélagið komi til með að breytast samfara nýjum áhrifum. Umhverfi hefur áhrif á einstaklinginn, einstaklingurinn hefur áhrif á samfélagið (Ian Brooks, 2003). Koma varnarliðsins á Keflavíkurflugvöll hafði gríðarleg áhrif á Keflavík og líf Keflvíkinga. Áhrifin koma fram á mjög mörgum sviðum mannlífsins og urðu til þess að Keflavík var stundum kölluð Litla-Ameríka.

Í viðtali við Sigurð Línadal, prófessor í tímaritinu *Eimreiðin* árið 1973, kemur fram að hann telur að stórþjóðir eigi það til að þröngva sinni eigin menningu á smáþjóðir, alla jafna hafi stórþjóðir fjölbreyttari menningu, en smáþjóðir verði að fylgja markvissari þjóðernisstefnu en stórveldi og vera á verði um menningu sína. Hvert sem Bandaríkjamenn fara hafa þeir menningu sína með sér í farangri, segir Sigurður í viðtalinu, og þröngvi eigin menningu inn á smáþjóðir. Kanasjónvarpið eða hermanna sjónvarpið nefnir Sigurður sem dæmi um



menningarlega hneisu, hann spyr hvort það væri einhver goðgá ef hermenn kynntust íslenskrum menningu í íslensku sjónvarpi í stað þess að loka sig í eigin menningu og reyna að þröngva henni inn í íslenskt þjóðfélag. Hann telur að tilurð kanasjónvarpsins sé með öllu ólögleg og telur að íslenskir embættismenn hafi hegðað sér eins og æstustu erindrekar Bandaríkjanna. Sigurður lýsir áhyggjum sínum og heldur því fram að kanasjónvarpið flytji menn úr íslensku menningarumhverfi yfir í bandaríska múgmenningu.

## 2.4 Dægurmenning

Gestur Guðmundsson rannsakaði áhrif af veru varnarliðsins á dægurmenningu á Íslandi. Hann telur að áhrifin séu óvæfengjanleg án þess þó að hafa gjörbylt dægurmenningu á Íslandi. Gestur telur að bandarísk áhrif hafi komið mun fyrr en herstöðin á Keflavíkurflugvelli meðal annars með straumum og stefnum í gegnum bindindishreyfingu og stefnu í skólamálum. Það var sjaldnar getið um bandarísk áhrif þar sem meiri virðing var borin fyrir evrópskum áhrifum (Gestur Guðmundsson, 2001).

Andstaða við bandaríska menningu var mikil, þeir sem voru herstöðvarandstæðingar voru á móti öllu sem tilheyrði Bandaríkjamönnum. Undir lok sjötta áratugarins var gríðarleg áhersla lögð á að einangra herstöðina sem mest, einkum vegna siðspillingar sem henni fylgdi og var þá helst átt við ástandið eins og það var nefnt þegar konur lögðu lag sitt við bandaríska hermenn. Það var hins vegar ekki minnst á það spillta viðskiptasiðferði sem átti sér stað í svartamarkaðsbraski sem tengdust varnarliðinu. Íslendingar kynntust skyndilega hæsta neyslustigi í heimi og þá var það gulls ígildi að hafa sambönd á vellinum (Gestur Guðmundsson, 2001).

Þær skiptu skoðanir sem þjóðin hefur til veru varnarliðsins á Miðnesheiði hefur hugsanlega haft áhrif á sjálfsmynd þjóðarinnar þar sem landsmenn hafa annað hvort verið hlynntur veru Bandaríkjamanna eða alfarið á móti veru þeirra. Keflavíkurganga

herstöðvaandstæðinga er glöggvitni um þá sem á móti voru veru varnarliðsins. En hins vegar má gera ráð fyrir að Keflvíkingar hafi almennt verið hlynttir nágrönnum sínum á heiðinni, enda voru fjölmörg atvinnutækifæri í boði fyrir Keflvíkings á vellinum. Þó að ímynd bæjarins hafi verið tengd hernum þá má sjá það í viðtölum við viðmælendur að þeir gera sér grein fyrir því hversu miklu skipti að hafa þá á heiðinni.

## 2.5 Rannsóknir og hagnýtt gildi

Ekki hafa margar sambærilegar rannsóknir verið gerðar á menningarlegum áhrifum af setu varnarliðsins. Aðallega hafa áhrif Kanaútvarpsins og Kanasjónvarpsins verið skoðuð. Unnur Guðmundsdóttir og Þorvarður Guðmundsson gerðu lokaverkefni til B.Ed prófs við Kennaraháskóla Íslands sem ber nafnið *Hernám hugans* (2008). Ritgerðin fjallar að miklu leyti um það sérstaka málfar sem varð til í samfélaginu á Keflavíkurflugvelli. Einnig eru staðarheiti og nöfn bygginga rædd en sérstakt málfar sem enskum slettum voru einkennandi hjá íslenskum starfsmönnum varnarliðsins en var þó staðbundið innan girðingar. Þá kemur í ljós í niðurstöðum að lítil sýnileg andstaða var við veru herliðsins á Keflavíkurflugvelli.

Einnig gerði Gunnar Þór Bjarnason meistaraprófsritgerð við Háskóla Íslands og fjallaði um brottför Bandaríkjahers frá Íslandi. Ritgerðin heitir *Óvænt áfall eða fyrirsjáanleg tímamót? Brottför Bandaríkjahers frá Íslandi: Aðdragandi og viðbrögð* (2008). Gunnar Þór lýsir aðdraganda og viðbrögðum íslenskra stjórnvalda við brottför Bandaríkjahers. Ákvörðunin var einhliða og aðgerðir íslenskra stjórnvalda miðuðust af því að koma í veg fyrir að herinn færi. Gunnar Þór bendir á að þó að íslensk stjórnvöld hafi nánast verið óundirbúin við brotthvarfi hersins þá hafi aðgerðaráætlun af hálfu Reykjanesbæjar auðveldað ferlið til muna og hafi dregið úr áfallinu.

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir skrifaði bók sem hún nefndi *Herbrúðir* (1994) þar ræðir hún við konur er giftust bandarískum hermönnum og fluttu til Bandaríkjanna. Þóra Kristín ræðir við tug

kvenna og segja þær sögu sína í bókinni. Bókin er heilmikil heimild um sögu kvennanna sem eru ólíkar en eiga það sameiginlegt að hafa gifst Bandaríkjamanni sem þær kynntust á Keflavíkurflugvelli.

Um menningarleg áhrif varnarliðsins á daglegt líf Keflvíkinga hefur ekkert verið formlega rannsakað svo vitað sé. Ekki hefur verið gerð sambærileg rannsókn á upplifunum einstakra íbúa í Keflavík, nýmæli verkefnisins er því töluvert.

## 2.6 Söguleg þróun

Keflavík er órjúfanlegur hluti af flugvellingum á Miðnesheiði. Í þessum kafla er í stuttu máli fjallað um sögulegar staðreyndir um uppbyggingu Keflavíkur og þróun bæjarins frá upphafi og fram á daginn í dag, einkum í tengslum við uppbyggingu varnarsvæðisins á Miðnesheiði, enda er umfjöllun um sögu bæjarins nauðsynleg til að fá samhengi við efni rannsóknarinnar. Aðallega er stuðst við rit Bjarna Guðmarssonar, Friðþórs Eydal og Þórs Whitehead. Hér er um stutt yfirlit að ræða sem setur rannsóknina í sögulegt samhengi.

### 2.6.1 Upphafið

Saga Keflavíkur hófst þegar þéttbýliskjarni tók að myndast í vikinni við Stakksfjörð um 1760. Í upphafi var það þyrping verslunarhúsa þar sem danskir verslunarmenn versluðu og girtust sjávarföng heimamanna. Íbúar þorpsins kynntust nýjungum af þeim dönsku þrátt fyrir að fá lítinn sem engan arð, til dæmis lærðu íbúar saltfiskverkun og netaveiðar sem var nýtt fyrir þeim en hafði gríðarleg áhrif á þróun byggðakjarnans (Bjarni Guðmarsson, 1999).

Keflavík þróaðist, stækkaði og þroskaðist þrátt fyrir mýtur á borð við þá er Jónas Jónsson frá Hriflu fjallar um í grein sinni og birtist árið 1936 í *Nýja dagblaðinu*. Þar lýsir Jónas því að Keflavík sé fræg fyrir hrausta sjómenn sem fá lítið fyrir vinnu sína og nefnir að fyrr á öldum hafi Keflvíkingar látið Dani mergsjúga arð sinn með verslunarháttum sínum og bendir á að ennþá séu þeir sviptir arði sínum en nú af reykvískum útgerðarmönnum en stór hluti aflans fór til Reykjavíkur á þeim tíma. Jónas bendir á að Keflavík þurfi að eignast sjálfa sig, þurfi að eignast rafstöð, íshús, bryggjuvirki og fleira sem hann taldi að Keflvíkingar ættu að gera til að brjóta af sér hlekki, fyrst Dana og síðar annarra sem höfðu með afla þeirra að gera. Líklegt þykir að Jónas Jónsson hafi með grein sinni verið að mestu leyti að hnýta í pólitískan andstæðing sinn Ólaf Thors, sem þá var þingmaður kjördæmisins (Bjarni Guðmarsson, 1999).

Þó virðist eitthvert sannleikskorn vera í grein Jónasar, því síðar eða árið 1944, þegar forseti hins nýja lýðveldis, Sveinn Björnsson, kom í opinbera heimsókn til Suðurnesja, heilsaði hann heimamönnum þannig að það gleddi hann að vera komin á svartasta stað landsins. Þrátt fyrir nokkuð neikvæða mynd af bænum þá hafði hann töluvert aðdráttarafl fyrir fólk og jókst íbúafjöldi talsvert, árið 1920 var íbúafjöldi rétt liðlega 500 en árið 1940 var íbúafjöldinn komin í 1.500 manns. Lítil sem engin fyrirgreiðsla af hálfu hins opinbera kom á svæðið en bærinn virtist lifa sjálfstæðu lífi og stækka og blómstra þrátt fyrir það. Sem dæmi um takmarkaðar fyrirgreiðslur og hvernig bæjarbúar björguðu sér sjálfir má hér nefna að um miðjan fjórða áratuginn tók einstaklingur sig til og hóf að byggja höfn, því sjávarútvegur var stærsta atvinnugreinin og til að tryggja að svo yrði áfram var nauðsynlegt að fá höfn í bæinn (Bjarni Guðmarsson, 1999).

Keflavíkurhreppur varð til árið 1908 og tilheyrðu Njarðvíkur hreppnum til ársins 1942, en þá skildu Njarðvíkingar sig frá hreppnum og stofnuðu Njarðvíkurhrepp. Aðskilnaður varð aðallega vegna þess að Njarðvíkingar töldu sig hlunnfarna vegna lélegrar rafveitu og hafnarmála. Njarðvíkurhreppur varð til um áramót 1941-1942. Þann 22. mars árið 1949 fékk Keflavík kaupstaðarréttindi.

Árið 1994 var kosið um sameiningu Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna, sameiningin var samþykkt og úr varð Reykjanesbær sem stofnaður var 11. júní sama ár.

Í þessu verkefni er ætíð rætt um Keflavík, þó að sveitarfélagið sem um ræðir beri nú nafnið Reykjanesbær var það ákvörðun höfundar að halda sig við upphaflegu nafngiftina, bæði er alþjóðaflugvöllur sem enn er kenndur við nafnið Keflavík og svo finnst höfundi það eiga betur við í þessu tilfalli.

## 2.6.2 Keflavík og síðari heimstyrjöldin

Með hernámi Þýskalands á Póllandi á haustmánuðum árið 1939 hófst seinni heimstyrjöldin. Með innrás Þjóðverja inn í Danmörku og Noreg töldu Bretar það nauðsynlegt að tryggja og verja siglingaleiðir sínar og töldu Ísland vænlegan kost fyrir bækistöð. Alþingi Íslendinga hafði lýst yfir ævarandi hlutleysi Íslands og að landið vildi engan þátt taka í hernaðarbrólti eða taka afstöðu yfirleitt. Það varð því úr að Bretar ákváðu að komast yfir landið bláa í norðri með valdi og þann 10. maí árið 1940 varð það að veruleika. Með því hófst nýr kafli í sögu Íslands (þór Whitehead, 2002).

Í Keflavík urðu íbúar ekki svo mikið varir við hernámið á fyrsta árinu. Breskir liðsmenn landhersins sáu um strandvörslu ásamt sjóliðum og var strandvarsla sett á við Reykjanesvita og Garðskagavita um mitt sumar árið 1940 en innan árs var strandvörslu komið á í Sandgerði og Keflavík einnig. Fyrsti flugvöllur á Suðurnesjum var staðsettur á Garðskaga og byggður af Bretum, hann var tekin í notkun í júní 1941 en var reyndar aldrei mikið notaður, en tveir aðrir flugvellar höfðu verið byggðir í Reykjavík og á Kaldaðarnesi í Flóa (Friðþór Eydal, 2007).

Sumarið 1941 fóru Bandaríkjamenn að taka þátt í stríðinu á óbeinan hátt er þeir styrktu lið Breta og var stefnt var að því að þeir tækju við vörnum landsins fyrir hönd þeirra. Stuttu síðar tóku Bandaríkjamenn svo þátt í hinu stóra og ógnvænlega stríði. Fljótlega eftir komu Bandaríkjamanna hófu þeir að leita að stað fyrir nýjan flugvöll, á Reykjavíkurlugvelli var farið að

þrengja að og flugvellirnir á Garðskaga og á Kaldaðarnesi þóttu ekki nægjanlega stórir. Eftir ítarlega leit var ákveðið af Bandaríkjamönnum að leggja flugvöll á Háaleiti sem staðsett var á Miðnesheiði ofan við Keflavík. Forsæts- og utanríkisráðherra Ólafur Thors tilkynnti Bandaríkjamönnum að ríkisstjórn Íslands skyldi taka umbeðið svæði eignarnámi og að þeir hefðu fullan umráðrétt yfir téðu landssvæði. Skilyrði ríkisstjórnar Íslands voru að Íslendingar fengju flugvallarmannvirki að eign við lok stríðsins án greiðslu eða annarra skuldbindinga (Friðþór Eydal, 2007).

Fljótlega var hafist handa við uppbyggingu flugvallar á Háaleiti en ekki leið á löngu þar til Bandaríkjamenn óskuðu eftir að fá að byggja annan smærri flugvöll sem hugsaður var fyrir orrustusveitir hersins. Samþykkt var að byggja smærri flugvöllinn á Njarðvíkurheiði ofan við Fitjar. Framkvæmdir við flugvellina voru miklar og ráðnir voru um hundrað íslenskir verkamenn til starfa ásamt átján vörubílstjórum. Til að hýsa mannskapinn þurfti að byggja hús eða herskála og voru tvö hverfi byggð til að byrja með við flugbrautirnar sem nefnd voru Camp Patterson og nefndir eftir þeim, sá minni Patterson-flugvöllur og sá stærri Meeks-flugvöllur þar sem Keflavíkurflugvöllur er staðsettur í dag (Friðþór Eydal, 2007).

Vorið 1942 höfðu Bandaríkjamenn að mestu tekið að við vörnum Íslands af Bretum, nema á Norðurlandi eystra og á Austfjörðum þar sem skiptin urðu í september það sama ár. Jafnt og þétt fjölgaði Bandaríkjamönnum og í júní árið 1943 voru rösklega fimmtíu þúsund hermenn við varnir landsins (Þór Whitehead, 2002).

Bandaríkjamenn sáu alfarið sjálfir um lagningu flugbrautanna en þurftu aðstoð heimamanna við annars konar byggingar eins og herskála eða bragga. Með nægri atvinnu á svæðinu fluttu landsmenn til Keflavíkur þar sem næga atvinnu var að hafa bæði hjá Bandaríkjamönnum og eins við útgerð en hún hafði vaxið nokkuð. Hreppsnefnd Keflavíkur reyndi hvað hægt var að halda hermönnum utan byggðar og hafnaði veitingaleyfum, sem sótt hafði verið um í bænum á þeirri forsendu. Hreppsnefndin sendi bréf til ríkisstjórnar Íslands þess efnis að með gríðarlegri fjölgun setuliða og verkamanna mætti búast við árekstrum á milli þeirra og heimamanna og fór hreppsnefndin fram á fjölgun lögreglumanna en einungis tveir voru að

störfum á þessum tíma. Hreppsnefndin fór einnig fram á að ríkisstjórnin semdi við hina amerísku herstjórn að hið erlenda setulið og verkamenn á þeirra vegum héldu sig utan byggða eftir klukkan 19.00.

Við þessar nýju aðstæður víluðu heimamenn ekki fyrir sér að leigja hvers kyns kytrur, ris og skúra á himinháu verði. Þrátt fyrir það lét aðkomufólk sér fátt um finnast um hátt leiguverð eða lélegt húsnæði og voru hæstánægðir með atvinnutækifærin sem Keflavík hafði upp á að bjóða (Bjarni Guðmarsson, 1999).

Með veru Bandaríkjamanna á Miðnesheiðinni komu nýir siðir og þrátt fyrir að heimamönnum hafi verið ráðlagt af ríkisstjórn Íslands að sýna kurteislega afskiptasemi þá varð raunin önnur. Haldnar voru jólatrésstemmtanir þar sem börnum Keflavíkur var boðið á jólaball í boði Bandaríkjamanna og fengu leikföng að gjöf sem aldrei höfðu sést á landinu kalda, þar sáu Keflvíkingar fyrst gos er nefndist Coca Cola og sælgæti sem var þeim framandi. Fljótlega eftir komu hersins varð fyrst vart við ameríska vindlinga sem kölluðust Lucky Strike og komu í stað bresku vindlinganna sem áður höfðu sést. Jórturgúmmí virtist eiga greiða leið að keflvískum ungmönnum enda talin einhver helsta táknmynd bandarísks lífsstíls. Börnin í Keflavík nutu góðs af og fengu ávexti og sælgæti gefins sem hermenn voru iðnir við að gauka að börnum bæjarins. Þegar nokkuð var liðið á sambýlið komst sá orðrómur á kreik að einstaka Keflvíkingar sæktu í að fara inn á Stapa nánar tiltekið Vogastapa því þar losuðu varnarliðsmenn sig við ýmiss konar hluti sem þeir höfðu ekki lengur not fyrir. Talið var vissara að vera með hjálm þegar farið var á „Stapa-snap“ en svo var þessi nýja gullnáma Keflvíkinga kölluð. Liðsmenn varnarliðsins fylltu vörubifreiðar af því sem fórna átti á sorphaugana við Vogastapa og sturtuðu svo niður eftir bröttu fjallinu og þar fyrir neðan biðu svo gullgrafarar eftir gulli sínu sem gat verið allt frá matarleifum og upp í heillegar bifreiðar. Gullnáman hafði heilmikið aðdráttarafl fyrir einhverja Keflvíkinga því þarna rigndi niður vænlegum hlutum sem ekki fengust í verslunum í bænum auk þess sem þeir voru ókeypis (Bjarni Guðmarsson, 1999).

### 2.6.3 Einokunarverktakar á vellinum

Það var ljóst að með varnarliðinu yrði mikið um framkvæmdir, til að byrja með voru bandarískir verktakar sem sáu um framkvæmdir á svæðinu. Fyrst var það Lockheed fyrirtækið sem sá um rekstur flugvallarins auk framkvæmda á varnarsvæðinu. Verktakafyrirtækið Hamilton tók við framkvæmdaliðnum en í ágúst 1951 fékk íslenska fyrirtækið Sameinaðir verktakar einkarétt sem undirverktaki hjá Hamilton fyrirtækinu. Það var utanríkisráðuneytið sem beitti sér fyrir því að Sameinaðir verktakar urðu til, bæði til að takmarka fjölda erlendra verkamanna og að aðstoða innlenda verktaka til að taka þátt í útboðum á vegum varnarliðsins. Samið var um það á milli íslenskra stjórnvalda og Bandaríkjamanna að Hamilton verktakafyrirtækið yrði ekki aðalverktaki á svæðinu og í kjölfar þess voru Íslenskir aðalverktakar stofnaðir sem voru að hluta til í eigu íslenska ríkisins og árið 1958 voru Keflavíkverktakar fengnir til starfa á vellinum og sinntu þeir aðallega viðhaldi á byggingum hersins á meðan ÍAV sáu um framkvæmdir. Einokunarsamningurinn var í gildi í tæp fimmtíu ár en einokunarsamningnum var breytt á þá leið að verktakafyrirtækin tvö gátu tekið undirverktaka en báru þó ábyrgð á verkunum (Björn Bjarnason, 1978).

### 2.6.4 Ástandið

Það er staðreynd að Keflavík var smábæjarsamfélag þar sem fátt leyndist nágroannanum. Kannski varð það til þess að talið var að keflvískar stúlkur leituðu ekki í eins miklum mæli í að hitta hermenn Bandaríkjanna á Miðnesheiði og reykvískar stúlkur, en þær þóttu stunda heimsóknir oftast þangað en heimasætur í Keflavíkurbænum. Málfundarfélagið Faxi, sem var virt félag mikilsverðra manna í bænum, sendi hreppsnefndinni greinargerð með tillögu sem innihélt áhyggjur félagsmanna af stúlkubörnum í bænum. Faxamenn töldu að kynni stúlkna við hinn



erlenda her væri beinlínis háskaleg og afar óheillavænleg og að hér væri hætta á ferð því sögusagnir voru um að stúlkur á fermingaráldri sæktu í félagsskap hermanna og var talið líklegt að þær drægju stallsystur sínar og aðrar yngri með sér í sorann. Málfundarfélagið Faxi fóru fram á við hreppsnefnd að auka eftirlit með ungmennum svo um munaði. Hreppsnefnd Keflavíkur tók vel í málið og á vormánuðum 1943 var tekin ákvörðun um að stofna barnaverndarnefnd sem varð sú fyrsta í Keflavík (Bjarni Guðmarsson, 1999).

Fram kemur í bók Þóru Kristínar Ásgeirsdóttur *Herbrúðir* að margar konurnar í Keflavík höfðu mikið fyrir því að nálgast og eignast hermenn af Keflavíkurflugvelli. Hún segir sögu konu einnar sem var gift og átti fjögur börn en ól upp þrjú af þeim. Eiginmaðurinn var hálfgerður ónytjungur og var tíður gestur hjá lögreglunni í Keflavík auk þess að vera til ama heima fyrir sem og annars staðar. Hjónabandið var farið út um þúfur þegar konan unga fer að starfa á Keflavíkurflugvelli við afgreiðslu fólksbílastöðvar hittir hún ungan sjóliða í bandaríska sjóhernum og þau fella hugi saman. Þar sem hún var gift íslenskum manni auk þess að eiga börn var þetta afar mikil skuldbinding af hálfu hermansins unga og reyndu yfirvöld varnarliðsins ítrekað að fá sjóliðann ofan af giftingaráformum sínum. Allt kom fyrir ekki og eftir miklar fortölur, peningaútlát og slagsmál við fyrrverandi eiginmann konunnar sem loksins veitti skilnað, giftust hjónakornin og kemur það fram að konunni þótti mikið til þess koma að geta farið óhindrað á völlinn og verslað hjá Navy Exchange<sup>1</sup> og í Commaseríinu<sup>2</sup> eins og hana lysti. Hjón þessi fluttu ásamt þremur dætrum konunnar, ein hafði verið gefin, til Ameríku og þar með rættist ósk konunnar og dætranna þriggja, það að flytja til fyrirheitna landsins var lyginni líkast (Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, 1994).

<sup>1</sup> Verslun á vegum varnarliðsins

<sup>2</sup> Verslun á vegum varnarliðsins

### 2.6.5 Og stríðinu lauk...

Seinni heimstyrjöldinni lauk árið 1945, en þrátt fyrir það var ekkert fararsnið á gestunum á Miðnesheiði. Bandarísk yfirvöld gerðu sér grein fyrir að Ísland var hernaðarlega mikilvægt fyrir varnarkerfi Bandaríkjanna. Gestirnir úr vestri fóru að þreifa fyrir sér við ríkisstjórn Íslands og vildu tryggja hernaðarréttindi á landinu til frambúðar. Pólitískt stríð varð um veru þeirra á heiðinni (Bjarni Guðmarsson, 1999).

Þann 5. október 1946 samþykkti Alþingi Íslendinga, eftir þó nokkur átök, samning við bandarísk stjórnvöld. Með nýjum samningi sem nefndur var Keflavíkursamningurinn eignaðist íslenska ríkið flugvöllinn og allt sem honum fylgdi. Smám saman fækkaði hermönnum á Íslandi og síðustu hermennirnir yfirgáfu Ísland í apríl árið 1947.

Eftir að herinn fór (í fyrra skiptið) urðu vonir og væntingar heimamanna heilmiklar sem sáu framtíð sína í öflugri flugstarfsemi. Ríkið hafði fengið upp í hendurnar einn af stærstu flugvöllum heims og nú var það heimamanna að gera eins vel og hægt var. Pattersonflugvöllur var lagður niður fljótlega eftir stríð en Meeksflugvöllur var notaður áfram og heitir Keflavíkurflugvöllur (Bjarni Guðmarsson, 1999).

Heilmikil uppbygging varð þó eftir stríðið því Bandaríkjamenn skuldbundu sig til að reisa á sinn kostnað byggingar er telja mætti nauðsynlegar til flugvallareksturs, en á flugvellinum voru einungis braggar og herskálar. Byggð voru tveggja hæða fjölbýlishús, skóli, íþróttahús, samkomuhús og spítali svo að dæmi séu tekin. Flugstöð við flugvöllinn varð stærsta verkefnið á þessum tíma en auk þess hýsti flugstöðvarbyggingin hótél á efri hæð hennar. Mikinn mannafla þurfti til framkvæmdanna en vegna skorts á íslensku vinnuframlagi fengu bandarískir verktakar að flytja inn verkamenn og voru um þrjú hundruð og áttatíu verkamenn á vegum vertakans þegar mest var. Íslenska ríkisstjórnin áskildi sér rétt til að koma íslenskum verkamönnum til starfa þegar verr áraði í landinu (Friðþór Eydal, 2007).

Á árunum 1946-1951 voru gerðir samningar af hálfu flughers og landhers Bandaríkjamanna um rekstur flugvallarins. American Overseas Airlines tók við rekstrinum frá

---

vorinu 1947 fram á sumar 1948 en þá tók við Lockheed Aircraft Overseas við rekstrinum og rak til ársins 1951 en þá breyttust aðstæður á Miðnesheiðinni enn og aftur (Bjarni Guðmarsson, 1999).

Á eftirstríðsárunum miðaðist uppbygging flugvallarins við að gera nýtískulegan flugvöll fyrir millilandaflug, en árið 1951 breyttust þær fyrirætlanir þegar Íslendingar gengu í Atlantshafsbandalagið árið 1949 en í stað þess var hafist handa við að byggja herstöð á Miðnesheiði. Í kjölfarið var undirritaður samningur við Bandaríkjamenn um hvernd við landið fyrir hönd Atlantshafsbandalagsins. Verndarsamningurinn var undirritaður þann 5. maí 1951 og þann sama dag komu bandarískir hermenn aftur á Miðnesheiðina, nú til langdvalar (Bjarni Guðmarsson, 1999).

Eftirsöguna vita flestir, en varnarlið Bandaríkjahers dvaldi á Íslandi allt til ársins 2006 þegar þeir yfirgáfu landið fagra í norðri. Það varð mikið áfall fyrir Keflvíkinga þegar herinn fór (í seinna skiptið) og urðu margir atvinnulausir því herstöðin hafði verið aðalvinnuveitandi margra. Mörg störf á vegum hersins voru mjög einhæf og heyrðist að fólk sem unnið hafði hjá varnarliðinu væri í mörgum tilfellum ekki góður kostur til annarra starfa.

### 3. Aðferðarfræði rannsóknar

Áður en að rannsókn er framkvæmd er að mörgu að hyggja. Þegar rannsóknarefni hefur verið ákveðið þarf að finna þá leið sem best nýtist við gerð rannsóknar.

Í þessum kafla er gerð grein fyrir fræðilegum undirstöðum rannsóknarinnar. Megináhersla er lögð á rannsóknarviðfangsefnið frá sjónarhóli viðmælenda. Markmið með rannsókninni er að kanna að hvaða leyti vera varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli hafi haft áhrif á menningu og daglegt líf Keflvíkinga. Rannsóknin skiptist í þrjá meginþætti: Í fyrsta lagi er kannað daglegt líf Keflvíkinga fyrir stríð, á stríðsárunum og á eftirstríðsárunum. Í öðru lagi er skoðuð upplifun barna og eiginkvenna sem bjuggu með eða hjá Bandaríkjamönnum á Íslandi eða í Bandaríkjunum. Í þriðja lagi er viðhorf aðfluttra Keflvíkinga könnuð, þeirra upplifun af varnarliði Bandaríkjahers á Miðnesheiði og hvort að þeir finni fyrir áhrifum af veru varnarliðs.

#### 3.1 Þátttakendur rannsóknar og val á úrtaki

Viðmælendur í rannsókn þessari eru átta talsins ásamt fjórum í rýnihóp, alls tólf manns sem rætt var við. Við val á viðmælendum var bæði fyrirfram valið en einnig urðu snjóboltaáhrif þar sem viðmælendur bentu á annan einstakling til viðtals. Þegar viðmælendur voru valdir hafði rannsakandi í huga að fá sem breiðast sjónarhorn rannsóknarefnisins. Konur voru viljugri til viðtals en karlmenn og þegar upp var staðið voru tveir karlmenn sem tóku þátt og þar af leiðandi tíu konur. Viðmælendur eru í flestum tilfellum fæddir í Keflavík eða fluttust þangað ungir fyrir utan rýnihóp þar sem allir eru fæddir og uppaldir annars staðar. Viðmælendur koma fram í rannsókn undir dulnefni.

Viðmælendurnir eru eftirfarandi:

- Karlmaður á áttræðisaldri fæddur á Austurlandi, starfaði lengi á varnarsvæðinu, hefur starfað og búið í Keflavík frá sextán ára aldri þangað sem hann flutti til að starfa hjá varnarliðinu. Nefndur Karl í rannsókn.
- Kona á áttræðisaldri, Lilja, fædd og uppalin í Keflavík og starfaði nánast alla sína starfsævi hjá varnarliðinu.
- Kona á sjötugsaldri, fædd og uppalin í Keflavík, hafði mikil og nán tengsl við Bandaríkjamenn í gegnum búsetu þeirra, starfaði einnig hjá varnarliðinu í fjöldamörg ár. Í rannsókn er hún nefnd Anna.
- Karlmaður, Kristján, á áttræðisaldri, fæddur og uppalin í Keflavík, starfaði lítið sem ekkert hjá varnarliðinu.
- Kona á áttræðisaldri, fædd á Austurlandi, flutti til Keflavíkur ung að aldri, hefur aldrei starfað hjá varnarliðinu en tengist því í gegnum fjölskyldubönd. Nefnd Sigríður í rannsókn.
- Kona á fimmtugsaldri fædd og uppalin í Keflavík og í Bandaríkjunum, dóttir hermans og starfaði í þónokkur ár hjá varnarliðinu, er hér nefnd Íris.
- Kona á sjötugsaldri, kölluð Silja í rannsókn, giftist bandarískum hermönnum og starfaði í fjöldamörg ár hjá varnarliðinu.
- Kona á fimmtugsaldri, nefnd Svava, starfaði í nokkurn tíma hjá varnarliðinu ásamt því að búa í Bandaríkjunum með íslenskri móður og bandarískum stjúpum.

Allir viðmælendur voru opnir og viljugir fyrir þátttöku í rannsókninni og voru jákvæðir fyrir því að benda á aðra viðmælendur og því er um snjóboltaáhrif (e. snowball sampling) að ræða. Það að nota snjóboltaáhrif er góð leið til að nálgast viðmælendur þegar um viðkvæmt rannsóknarefni er að ræða (Esterberg, 2002). Líkt og í rannsókn þessari eru vissir hlutar afar viðkvæmir og möguleikar að nálgast viðmælendur ekki vænlegir. Þrír viðmælendur voru fyrirfram valdir en þeir svo bentu á þá fimm sem rætt var við. Við val á viðmælendum hafði rannsakandi í huga að hafa sem fjölbreyttasta hóp og var hópurinn valin með það að leiðarljósi.

Haft var í huga þeir þrír flokkar sem lagt var af stað með sem eru Keflvíkingar, börn og eiginkonur hermanna og aðfluttir Keflvíkingar. Hver hópur um sig (og hugsanlega fleiri) gætu verið rannsóknarefni útaf fyrir sig í framtíðinni.

### 3.2 Hönnun á rannsókn og rannsóknaraðferðir

Rannsóknaraðferðin sem notuð er í rannsókn þessari er eiginleg rannsókn sem gengur út frá aðleiðslu, að rannsóknin leiði að tilgátu eða grunnhugmynd. Þær eru fremur túlkandi og lýsandi en skýrandi. Aðalrannsóknartækið er rannsakandinn sem þarf að vera afar meðvitaður um áhrif sín á þátttakendur og aðstæður (Robson, 2002).

Eiginlegar rannsóknaraðferðir má rekja til hugmynda og kenninga um að veruleikinn sé félagslega skapaður og að einstaklingurinn sé virkur túlkandi veruleikans. Eiginlegar rannsóknaraðferðir beinast þannig að því að skilja hvaða merkingu fólk leggur í líf sitt og aðstæður. Markmiðið er ekki að bera saman athafnir og viðhorf með tölulegum hætti heldur að skilja hlutina út frá sjónarhóli þeirra sem taka þátt í rannsókninni (Rannveig Traustadóttir, 1993).

Rannsókn þessi er byggð á grundaðri kenningu (e. grounded theory) þar sem rannsóknarsniðið mótar kenninguna út frá þeim gögnum sem aflað er. Grunduð kenning var fyrst sett fram af þeim Glaser og Strauss árið 1967. Grunduð kenning gengur út á að fara út á vettvang og nálgast þar þau rannsóknargögn sem nýtast rannsókn. Viðtalsformið er algengast þegar grunduð kenning er notuð. Rannsakandi fer á vettvang í gagnasöfnun þar til gögnin eru mett greinir þau og hannar nýja kenningu með gögnum sínum. Í raun eru það viðmælendur rannsóknar sem aðstoða rannsakanda við að mynda nýja kenningu (Robson, 2002).

Rannsóknarspurningarnar eru víðtækar, almennar spurningar sem beina athyglinni að því hvernig viðmælendur upplifðu atburðinn sem spurt er um. Rannsóknin snýst um að spyrja

spurninga og með því móta nýja þekkingu, það er að leiða að nýrri þekkingu, samanber aðleiðslu. Aðferðafræðin er eigindleg, byggir á viðtölum og er meginpunktur persónusaga (personal narratives) (Esterberg, 2002).

### 3.3 Eigindleg viðtöl

Viðtölum sem beitt er í rannsókninni, eru hálfopin djúpviðtöl sem eiga vel við þar sem sóst er eftir reynslu og upplifunum viðmælenda. Viðtöl eru algeng leið til gagnasöfnunar þegar eigindlegum rannsóknaraðferðum er beitt. Viðtölin veita upplýsingar um hvað er merkilegt fyrir viðmælendum og hvaða merkingu þeir leggja í rannsóknarefnið. Viðmælendur hafa möguleika á að útskýra hvað við er átt og rannsakandi getur spurt dýpra sé þess þörf. Rannsakandinn hvetur viðmælenda sinn til að tala um það sem skiptir máli fyrir rannsóknina, en gefur honum tækifæri á að tala frjálsglega út frá eigin sjónarhorni. Af þessum sökum eru viðtölin ólík frá einum viðmælenda til annars þó viðfangsefnið sé það sama (Kvale, 1996).

Hálfopin djúpviðtöl fela í sér að rannsakandi og viðmælandi ræða reynslu, minningar og upplifanir viðmælenda. Viðtölin felast í samræðum þar sem umræðuefnið er fyrirfram ákveðið en innihald samræðnanna ekki. Hálfopin djúpviðtöl hafa þann tilgang að lýsa og veita skilning á fyrirbærum í tilveru fólks (Esterberg, 2002). Fjallað er um reynsluna eða upplifunina í viðtölunum og geta þau því orðið mjög persónuleg. Ein opin spurning er spurð í upphafi viðtalsins en svo er spurt nánar og atriðum fylgt eftir jafnóðum og þau koma fyrir í samtalinu. Þó viðfangsefnið sé það sama í öllum viðtölunum er innihaldið oft mjög ólíkt. Leitast er við að skoða fyrirbærið út frá mörgum sjónarhornum og reynt er að ná eins fjölbreyttustu blæbrigðum og mögulegt er. Virk hlustun er forsenda þess að viðtal verði árangursríkt, það að gefa til kynna til dæmis með líkamshreyfingum rannsakanda er oft hvetjandi fyrir viðmælandann og hvetur hann áfram í frásögn sinni (Esterberg, 2002).

Í rannsókn þessari voru viðtöl tekin við átta einstaklinga, viðtölin voru hljóðrituð og skráð. Öll viðtölin fóru fram á heimili viðmælenda en það var sett í vald allra viðmælenda að velja stað til viðtals og völdu allir að fá rannsakanda á sitt heimili. Í upphafi viðtala var viðmælendum kynnt efni rannsóknarinnar og tekið skýrt fram að hvergi kemur fram nafn og er algjör nafnleynd í rannsókninni. Leitast var við að hafa viðtölin sem líkust, það er, að sama kynning og sömu upplýsingar um rannsóknina voru flutt fyrir viðmælendum.

Áður en að viðtal hófst voru viðmælendum færðar litlar þakklætisgjafir fyrir að deila minningum, reynslu og hugmyndum með rannsakanda. Ég kynnti mig og verkefni mitt ítarlega og lýsti áhuga mínum á viðfangsefninu Keflavík. Samkvæmt Esterberg (2002) er afar mikilvægt að rannsakandi sýni kurteisi, kynni sjálfan sig vel, beri virðingu fyrir viðmælenda sínum og sýni þeim traust og viðurkenningu. Rannsakandi þarf að vera hlutlaus, sýna samkennd og vera tilbúinn í náð samband við viðmælendann þar sem viðtöl eru oft mjög náin og oft á tíðum er umræðuefnið viðkvæmt og ber að sýna viðmælenda trúnað. Öll framkoma rannsakanda, klæðaburður og útlit getur haft áhrif á þróun viðtals, ef að rannsakandi er ekki klæddur í samræmi við viðmælenda getur það haft neikvæð áhrif á viðtalið og viðmælandi ekki treyst rannsakanda. Líkamstjáning skiptir gríðarlegu máli á meðan að viðtal stendur og skiptir máli að rannsakandi sýni áhuga og hvetjandi framkomu með því að kinka kolla eða því um líkt (Esterberg, 2002). Einn helsti kostur viðtala er að rannsakandi hittir viðmælenda sinn augliti til auglitis sem verður oft til þess að viðmælandi gefur ítarlegri upplýsingar en ef til dæmis með spurningakönnun. Helstu ókostir viðtala er að þau taka tíma, geta haft í för með sér kostnað einnig er úrvinnsla viðtala tímafrek. Eins og með aðrar rannsóknaraðferðir fylgja viðtölum bæði kostir og gallar. Þegar rannsóknaraðferð var valin fyrir þetta rannsóknarverkefni mat rannsakandi það svo að mestu upplýsingarnar fengjust með aðferðinni.



### 3.4 Rýnihópar (e.focus group)

Rýnihópar voru fyrst nýttir í félagsvísindum upp úr 1940 en síðustu tvo áratugi hafa rýnihópar aftur verið notaðir töluvert í rannsóknum eftir þó nokkra lægð í notkun þeirra. Oftast eru rýnihópar notaðir ásamt öðrum rannsóknaraðferðum. Líkt og í viðtalsforminu eru möguleikar að nota bæði opnar og lokaðar spurningar. Í flestum tilfellum eru einstaklingar í rýnihópum færri en tíu manns og er oft miðað við sex til átta manns. Rýnihópa er heppilegt að nota þegar sóst er eftir skoðunum, upplifunum, reynslu eða minningum einstaklinga sem eiga eitthvað sameiginlegt. Kostir við rýnihópa er að á stuttum tíma er oft hægt að ná fram miklum upplýsingum og oft koma fjölbreyttari sjónarhorn en í einstaklingsviðtölum (Esterberg, 2002).

Í rýnihóp þessarar rannsóknar voru átta manns boðaðir til fundar við rannsakanda, talað var við alla áður en boð til þeirra barst í tölvupósti. Þegar upp var staðið mættu einungis fjórir til viðtals og var ýmislegt sem kom upp á eins og veikindi og ófyrirséðir hlutir sem varð til þess að fjórir aðilar komust ekki. Þeir sem boðaðir voru í rýnihópinn eiga það sameiginlegt að hafa flutt til Keflavíkur á fullorðinsaldri. Rannsakanda langaði að kanna hvernig viðhorf aðfluttir Keflvíkingar hafa til samfélagsins og hvort að aðfluttir sjái annað í menningu bæjarins en innfæddir.

Í rýnihópinn mættu kona á sextugsaldri flutt í Keflavík árið 1981, flutti til tilvonandi maka, starfaði á Keflavíkurflugvelli, nefnd Kristín. Kona á fimmtugsaldri flutti árið 2006, með fjölskyldu sína í barnvænna umhverfi en áður er hér nefnd Lísá. Kona á fimmtugsaldri, nefnd Unnur flutti ung eða fimmtán ára til kærasta síns og hefur búið í Keflavík síðan. Kona á fimmtugsaldri sem hér er nefnd Hlín, hún flutti með maka árið 1985, flutti í burtu og kom aftur átta árum síðar. Rýnihópurinn kom með áhugaverðar athugasemdir um Keflavík en um það verður nánar fjallað í niðurstöðukafla.

### 3.5 Aðgengi að gögnum og greining gagna

Öflun ganga gekk vel, og var aðgengi að gögnum auðvelt þar sem rannsakandi er málkunnugur flestum viðmælendum. Fyrsta viðtalið var tekið þann 16. mars 2011 og síðasta viðtalið var tekið 25. maí 2011. Hvert viðtal tók frá þrjátíu mínútum og upp í eina klukkustund og nítján mínútur sem var það lengsta. Viðtölin voru hljóðrituð á stafrænt upptökutæki og svo skráð og sett upp orðrétt í skjal sem einungis leiðbeinandi hefur aðgang að til þess að halda trúnað við viðmælendur þar sem ýmsar viðkvæmar upplýsingar komu fram í viðtölunum sem ekki þótti unnt að birta.

Þegar lesið hefur verið ítarlega yfir gögnin eru þau þemagreind (e. coding). Esterberg bendir á að mikilvægt er að þemagreina gögnin og talar um þrjú skref greininga. Í fyrsta skrefinu er að finna sambærileg dæmi úr gögnunum, í öðru skrefi skal safna saman þeim dæmum og í þriðja skrefi er að greina dæmin og finna mynstur sem eiga saman (Esterberg, 2002).

Í þessari rannsókn er þemagreining fremur skýr þar sem efnið er þrískipt en samt sem áður verður skörun á efninu þar sem það er mjög tengt. Niðurstöður greininga verða gerð skil í niðurstöðukafla þessarar ritgerðar.

### 3.6 Staða rannsakanda innan rannsóknar, réttmæti og áreiðanleiki

Samkvæmt Kvale tryggir það áreiðanleika rannsóknarniðurstaðna í eiginlegum rannsóknum að standa vel að undirbúningi og skipulagi rannsóknarinnar. Rannsakandi þarf jafnframt að gera sér grein fyrir hvaða áhrifaþættir voru að verki ef einhver hluti rannsóknar gengur ekki. Segja mætti að vönduð vinnubrögð auki réttmæti rannsókna (Kvale, 1996). Ef rannsóknin yrði endurtekin telur rannsakandi að niðurstöður verði svipaðar. Þar með má álykta að innra réttmæti sé til staðar með þeim fyrirvara þó að auðvitað eru líkur á að fleiri viðmælendur, sem rúmast innan

úrtaksins, hafi aðra sögu að segja og haft aðra skoðun en fram kemur í þessari rannsókn. Um ytra réttmæti er erfiðara að álykta um allt þýðið til þess þyrfti umfangsmeiri rannsókn en þessa. Líta má á þessa rannsókn sem upphaf af umtalvert stærra verkefni.

Þar sem rannsakandi í eigindlegri aðferð er aðalverkfæri rannsókna verður hann að vera gagnrýninn á sjálfan sig í hlutverki rannsakandans (Esterberg, 2002). Rannsakandi lagði sig fram um að vera eins hlutlaus og kostur var í viðtölum og túlkunum þeirra. Í öllum viðtölum lögðu viðmælendur sig fram um að fara með rétt mál og var í tveimur tilvikum þar sem viðmælendur hringdu í rannsakanda, eftir á, til að leiðrétta eða bæta við frásögnum. Það er ekkert sem gefur til kynna annað en að viðmælendur hafi farið með rétt mál. Þess ber jafnframt að geta að viðmælendur lita oft eða fegra frásagnir sínar og þeirra persónulega skoðun getur hæglega haft áhrif á frásagnir þeirra enda greina þau frá eigin sjónarhorni á hlutina sem getur verið breytilegt frá einum einstaklingi til annars. Minni hætta er á því þegar um viðtalsformið er notað augliti til auglitis þá eiga viðmælendur það til að fara á vit minninga sinna og eru ekki eins ritskoðaðir og eins og ætla mætti í spurningakönnun með fyrirfram ákveðnum spurningalista.

Þar sem ég sjálf er fædd og uppalin í Keflavík er líklegt að það hafi haft áhrif á viðtalstæknina og hvernig ég álykta útfrá gögnunum sem ég safna. Hins vegar getur sú staðreynd að ég er Keflvíkingur einnig verið kostur og rannsókninni til framdráttar því ekki er víst að viðmælendur hefðu gefið samþykki sitt við alls ókunnugum rannsakanda. Í flestum tilfellum kannast ég við viðmælendur þar sem um snjóboltaúrtak er að ræða. Það er staðreynd að ég er tengd inn í viðfangsefnið og álitamál hvort það er rannsókninni til framdráttar og auki eða dragi úr réttmæti og áreiðanleika rannsóknarinnar. Það er óumdeilt að ég er Keflvíkingur og hafði ákveðnar hugmyndir þegar lagt var af stað í viðtölin. Titill ritgerðarinnar er til dæmis mín orð frá barnsaldri, þegar ég bað móður mína um að skila til jólasveinsins að gefa mér íslenskt nammi í skóinn í stað þess ameríska. Að sjálfsögðu er reynt að sýna hlutleysi við gerð rannsóknarinnar eins og kostur er og mikilvægt fyrir rannsakanda að vera meðvituð um þessa stöðu, til þess að draga úr hugsanlegri skekkju í niðurstöðum, s.s. óæskilegum spyrsláhrifum o.s.frv.

## 4. Niðurstöður

„Kaninn frelsaði þjóðina“ segir Guðbergur Bergsson, rithöfundur í viðtali við DV í júní 2011. Guðbergur heldur því fram að þegar kaninn kom hafi almenningur fengið peninga og þar með gat keypt sér bækur. Hann telur kanann hafa frelsað þjóðina frá hinu germanska ofurvaldi bændastéttarinnar sem kölluð er bændamenning en hann sjálfur kallar bændaómenningu. Guðbergur telur að kaninn hafi með komu sinni umbylt öllu nema kirkjunni. Og kannski var það svo að kaninn umbylti öllu.

Í þessum kafla er greint frá niðurstöðum úr viðtölum. Orð viðmælenda verða látin tala sínu máli en nánar verða niðurstöður ræddar í fimmta kafla.

### 4.1 Stríðið í Keflavík

Bretar hernámu Ísland þann 10. maí 1940 og þar með breyttist allt. Í Keflavík varð almenningur ekki mikið var við Bretana, þeir héldu sig að mestu leyti utan byggðar en þó voru einhverjir innan bæjarmarkanna og muna Keflvíkingar sem ungir voru að árum á stríðsárunum eftir Bretunum og einna helst eftir gjöfum þeirra. Lilja man eftir vöruskiptum.

Ég man eftir Bretunum, þeir vildu kaupa egg. Ég man að allir Bretar vildu kaupa egg og ég fór með mömmu að selja þeim egg, við vorum með hænur. Við fengum dósamat í staðinn, þetta var kjöt í dósunum og soyabaunir, átti að vera voðalega gott en spennandi var að fá dósamatinn. Ég man að þeir voru einhverjir í barnaskólanum, Bretarnir.

Kristján minnst þeirra með hlýju:

Þegar ég er fimm ára var braggi fyrir ofan rólóinn á Nónvörðunni, þar voru Bretarnir með ávexti og slikerí, frosna matinn geymdu þeir niðri í HF (hraðfrystihús í Keflavík), voru með geymslur á leigu þar. Ég var eini strákurinn sem fékk að fara inn í braggann og fékk slikerí og ekki veit ég enn þann dag í dag hvernig ég fór að því að segja þeim að ég ætti sykursjúka systur heima, en einhvern veginn kom ég þeim í skilning um það. Þeir keyrðu mig heim og gáfu mér slikerí og ávexti fyrir systur mína.

Karl, sem á þó ekki sameiginlegt með þeim Lilju og Kristjáni að vera alinn upp á Suðurnesjum, heldur á Austfjörðum, man átakanlega eftir stríðinu og á sérstæða sögu:

Ég man þetta nokkuð vel, við bjuggum í Imslandshúsi á Seyðisfirði, ég var sjö ára gamall. Mamma þurfti að fara í frystihúsið, þangað var um tuttugu mínútna gangur en hún var að ná í kjöt í frysti sem þar var geymt. Á leiðinni inneftir var svona skekkta eða árabátur sem var upp á vör og þar voru strákar á mínum aldri að leika sér. Ég segi við mömmu að ég ætli að vera eftir og leika við strákana á meðan hún fer í frystihúsið. Ég fer í leikinn með strákunum og er búinn að vera í smá stund þegar við tökum eftir því að það kemur flugvél inn fjörðinn. Þetta er ákkúrat á þeim tíma þegar skiptin voru, það er Bretarnir voru að fara og Ameríkanar að taka við, þetta var 5. september 1942. Við erum þarna að tala saman strákarnir og allt í einu sjáum við að flugvél steypir sér niður og hendir einni sprengju, heyrði reyndar seinna að flugvélin hafði verið búinn að henda annarri sprengju áður. Jæja, en svo lendir sprengja þarna rétt fyrir ofan okkur upp á vegi sem var um það bil tvo til þrjá metra fyrir ofan okkur og hún springur. Árabáturinn sem við vorum í kurlaðist alveg og þarna var hús, sem hét Björgun rétt hjá og í því brotnuðu allar rúður. Ég man að við sturluðumst allir og hlupum allir upp að húsinu sem gátum en einn okkar meiddist á fæti og komst ekkert, það kom þarna að maður sem hjálpaði honum upp úr flæðarmálinu. Mamma kom þarna að stuttu eftir atburðinn og fór með mig upp á spítala en svo fórum við heim. Ég og þessi sem meiddist á fæti slösuðumst mest en hann missti svo fótinn við hné eftir þetta því kom illt í sárið og lítið var um sýklalyf á þessum tíma.

Upp frá þessu var mælt með að börn yrðu send í nálægar sveitir af bæjaryfirvöldum á Seyðisfirði samkvæmt viðmælandanum. Það varð úr að Karl var að mestu alinn upp í nálægri sveit fram til sautján ára aldurs er hann kemur til Keflavíkur til að starfa hjá hernum á Keflavíkurflugvelli.

Líkt og segir í kaflanum um sögulega þróun eru það Bandaríkjamenn sem eru meira áberandi í Keflavík og hafa haft gríðarleg áhrif á þróun bæjarins í áraraðir. Uppbygging flugvallarins varð hröð og var eftirspurn eftir vinnuafli mikil.

## 4.2 „Jú, við græddum á kanavinnunni“

Með tilkomu hersins jukust atvinnumöguleikar Keflvíkinga til muna, en fram að því hafði útgerð og fiskvinnsla verið aðalatvinnuvegur svæðisins.

Á árunum fyrir stríð er mikil fátækt á meðal bæjarbúa, erfiðleikar hafa sett sitt mark á bæinn og kreppan kemur fram af fullum þunga á árunum 1936 þegar vetrarvertíð brást. Fram að því höfðu Keflvíkingar komist ágætlega frá krepputímum en afli hafði verið með ágætum þar til á vetrarvertíðinni 1936. 30. desember 1935 varð einn mesti bruni sem sögur fara af á Íslandi, en þá létust tíu manns og þar af sjö börn á jólatrésskemmtun í Keflavík. Bruninn varð í Skildi en Skjöldur var samkomuhús sem góðtemplarafélag hafði látið byggja en var í eigu Ungmennafélags Keflavíkur þegar bruninn varð (Dagný Gísladóttir, 2010).

Gunnar Eyjólfsson lýsir Keflavík afar vel á árunum fyrir seinni heimstyrjöld í bók sinni *Alvara leiksins* eftir Árna Bergmann. Bæði höfundur og viðmælandinn eru aldir upp í Keflavíkinni. „Þrátt fyrir að Keflavík hafi verið kölluð öllum illum nöfnum þá er fegurðin í Keflavík einkum bundin við fólkið sem þar býr en ekki landslagið eins og víða annars staðar“, segir Gunnar í minningum sínum (bls. 42). Keflavík verður seint talin til fallegustu bæja á landinu, landfræðilega. En fólkið flutti til Keflavíkur af landsbyggðinni því þar voru atvinnumöguleikar í sjávarútvegi og má með sanni segja að dugnaðarfólk hafi flutt til bæjarins. Bæjarbúar voru samstíga og var aðkomufólk boðið velkomið og samlagaðist fljótt og vel (Árni Bergmann, 2010).

Líkt og Jónas frá Hriflu hafði áður skrifað opinberlega og kemur fram í kaflanum um sögulega þróun þá vantaði ekki kraft í bæjarbúa og óx bærinn vel og virtist dafna.

Herinn bauð upp á fjölbreyttari möguleika til atvinnu, nú var ekki einungis lifað af sjó eða fiski og með honum komu peningar. Fólk kom víða að til að vinna hjá hernum.

Karl var sautján ára þegar hann flutti til Keflavíkur árið 1951 til að vinna hjá hernum og byrjaði að starfa við sorphirðu.

Ég var svona aftan á bíl að hreinsa ruslið á vellinum, ég var í þessu í töluverðan tíma og fór svo í Motorpool (samgöngumiðstöð varnarliðsins) þar vann ég sem taxí, við vorum á vöktum og keyrðum kanana á vaktirnar, þeir voru á vöktum út um allt eins og út á Stafnesi þar var ratsjárstöð þar sem kanarnir rúlluðu vaktir. Það var erfitt að fá húsnæði og ég leigði herbergi í bragga sem var innan vallarsvæðisins, svona var þetta til að byrja með, maður gat leigt húsnæði innan girðingar.

Það er ekkert leyndarmál að margir Keflvíkingar riðu feitum hesti frá samskiptum sínum við varnarliðið á meðan það var á heiðinni ofan við bæinn. Nokkrir Keflvíkingar tóku sig saman og stofnuðu verktakafyrirtæki, Keflavíkurverktaka, og sátu einir að viðhaldssamningi við varnarliðið. Keflavíkurverktakar var hlutafélag en samningi við varnarliðið lauk um áramót 2003 og síðar var nafni þess breytt í Atafli, og varð að almennu verktakafyrirtæki, en þá höfðu keflvískir athafnamenn að mestu selt sína hluti í fyrirtækinu.

Völlurinn hafði sannarlega mikið að segja fyrir Keflvíkinga með tilliti til atvinnu. Sem dæmi má nefna að af þeim tólf viðmælendum sem formlega voru tekin viðtöl við höfðu sjö einstaklingar einhvern tíma unnið fyrir varnarliðið í lengri eða skemmri tíma.

Kristján vann í stuttan tíma á vellinum og líkaði ekki vel:

Ég vann á vellinum í smá tíma, vann við að taka á móti vörum sem komu frá Reykjavík. Ég var þarna í einhverja tæpa þrjá mánuði svo fór ég bara í sveitina. Þetta var óttalegt hangs, ekkert að gera á milli þess sem bílarnir komu, þá var nú meira að gera í sveitinni. Ég vildi nú bara vera í sveitinni, en bærinn þandist út og þetta reddaði ansi mörgum hérna.

Lilja vann nánast alla sína starfsævi hjá varnarliðinu:

Ég fór svo að vinna þarna, fyrst árið 1970 var þá í þrjú sumur og réði mig svo alveg árið 1973, vann á símanum og það var allt á ensku og allt skammstafað, ég notaði ekki tól heldur var alltaf talað um headset, allt á ensku, svo það var mikið að læra.

Anna vann hjá varnarliðinu nánast alla sína starfsævi og lét af störfum árið 2006 þegar varnarliðið fór af landi brott:

Ég vann á vellinum alltaf, á nokkrum stöðum, það var fínt að vinna hjá kanaanum.

Svava, sem er yngst viðmælendanna, vann í nokkurn tíma hjá varnarliðinu og segir svo frá:

Ég vann sem operator eða símavörður á símanum á vellinum. Þar komst maður virkilega inn í samfélagið þarna á vellinum, ég lærði hvar allt var þarna. Svo var ótrúlega gaman að heyra sögurnar þarna á vellinum frá konunum sem unnu með mér, það var eiginlega dálítið magnað að vinna með þessum kerlingum, margar höfðu verið giftar og búið í Ameríku. Á símanum fann maður púlsinn á samfélaginu þarna uppfrá. Ég fór svo að vinna á skrifstofu símans og þá lærði maður hver var hvað, hvað voru maurar, hvað var air forcið og svoleiðis, þar lærði ég sem sagt að lesa í merkin á einkennisfötunum. Svo vann ég á verktakaskrifstofu líka. Eitt sem situr í mér eftir að hafa unnið þarna á vellinum er vinnusiðferðið, mér finnst ekki skrítið að fólk sem vann þarna fái ekki vinnu. Það er búið að gera það að aumingjum, fólk vann ekki þarna eins og við vinnum í dag. Fólk bara dinglaði sér, tók sína veikindadaga mjög reglulega. Ég meira að segja fékk að taka í höndina á commandernum, því ég fékk viðkenningu fyrir vel unnin störf. Ég var undantekningin.

Ekki verður fullyrt hér að herinn hafi gert þá Íslendinga sem unnu á vellinum að aumingjum en þessi var upplifun Svövu. Ýmis störf voru í boði á Keflavíkurflugvelli og voru þau í mörgum tilfellum ágætlega borguð. Íris sem starfaði lengi á vegum varnarliðsins minnst þess tíma með söknuði.

Ég sakna þeirra eftir að þeir fóru, mér fannst svo vinalagt að hafa þá þarna. Þetta var svo allt annar heimur þarna uppfrá, svo vann ég þarna eftir að ég varð fullorðin í Pí-exinu og á skrifstofu. Mér fannst það bara æðislegt, borða á Wendýs og svona, ég er svolítið mikið kani! Pí-exið var æðisleg búð og þetta kostaði ekki neitt náttúrulega. Það var hægt að borða á vellinum og kaupa í búðunum á meðan að maður vann hjá þeim.



Þegar Íris er spurð um fjölskyldu sína og hvort einhver úr fjölskyldunni hafi starfað hjá varnarliðinu, svarar hún:

Já, mamma vann alltaf á vellinum, í pí-exinu, á símanum, alltaf á vellinum þangað til hún flutti til Bandaríkjanna. Ég vann lengi þarna líka, ég hitti manninn minn þarna, hann er íslenskur, við unnum í sömu byggingu. Var aldrei í kanaanum eða svoleiðis en hitti samt manninn minn þarna.

Kristín sem vann hjá Essó í mörg ár í sumarafleysingum fannst afar spennandi að sjá og upplifa bandarískt samfélag rétt við bæjarmörkin:

Ég sá alla flórana, alveg frá þeim lægst settu og upp í þá hæst settu og svo kom sendiráðsfólk líka að taka bensín. Þetta var ofsalega breiður hópur, þeir voru merktir með borðum og klútum sem sögðu hversu háttsettir þeir voru. Flugmennirnir voru sérstaklega flottir og svo komu þarna líka herir frá öðrum löndum, ég man að það var heilmikið af Hollendingum alveg stórglæsilegir. Mér fannst þetta mjög spennandi að vinna þarna, fór í messann<sup>3</sup> að borða og svona, allt svo nýtt fyrir mér og framandi.

Margir Keflvíkingar fengu vinnu á vellinum, uppbyggingin var gríðarleg, heilt samfélag var byggt á Miðnesheiðinni sem ekkert hafði verið nema mói með einstaka krækiberjalyngi. Flugvellir urðu að veruleika og auk allra starfanna sem honum fylgdu, voru ótal störf sem fylgdu því að reka heilt samfélag. Svava starfaði hjá varnarliðinu á skrifstofu sem sá um verktakasamninga:

Ég til dæmis sá um verktakasamning við hreingerningarfyrirtæki sem sá um þrif fyrir herinn og þá sá maður svart á hvítu hverslags peningar voru þarna í umferð, bara með þessa litlu samninga, þetta voru svakalega miklir peningar. Gríðarlegt peningaflæði sem fór þarna í gegn og ég sá bara brot af þeim.

Eitt er það sem Hlín og Svava nefna sem er umhugsunarvert. Báðar nefna þær lágt menntunarstig í Keflavík. Hlín er sannfærð um að auðveldur aðgangur að atvinnutækifærum hefur haft gríðarleg áhrif á lágt menntunarstig í Keflavík, sjá má nánari umfjöllun þeirra í kaflanum um annað sjónahorn.

<sup>3</sup> Mötuneyti varnarliðsins

### 4.3 Ameríkanar „niður frá“ og Íslendingar „uppfrá“

Þegar líða tók á veru hersins fór að þrengja að heimamönnum, húsnæði á vellinum var ekki nægjanlegt og því var gefið leyfi fyrir því að Bandaríkjamenn gátu leigt húsnæði á Suðurnesjum. Algengt að heimamenn þrengdu að sér til að leigja út herbergi. Það varð til þess að Ameríkanar bjuggu niður frá eins og það var kallað og til að byrja með bjuggu Íslendingar uppfrá. Kristján minnst þess að kjallari í húsi foreldra hans var ávallt leigður Bandaríkjamönnum:

Það voru kanar sem leigðu í kjallaranum hjá mömmu og pabba, meira að segja herbergi upp í risi líka, já, já, þeir voru út um allt kanarnir. Eftir að ég fór í sveitina var mitt rúm leigt líka. Þeir fóru víða blessaðir.

Anna, sem er alin upp í Keflavík, elst upp við það að hafa bandaríska leigjendur á neðri hæðinni:

Það var svo mikil húsnæðisekla í Keflavík þarna, pabbi sem hafði byggt húsið sem við bjuggum í var ekki búinn að klára að gera neðri hæðina en þeir komu bara og buðu peninga fyrirfram svo hægt væri að leigja íbúðina niðri. Það var bara allt sett á fullt og það var komið fólk niður eftir tvær vikur. Þetta er árið 1957, ég er tólf ára. Það voru margar fjölskyldur sem bjuggu á neðri hæðinni, þetta var eins og fjölskylda manns. Ég er enn í sambandi við margt af þessu fólki, ég meira að segja nýbúin að finna eina konu sem bjó niðri, hún er 83 ára núna.

Anna kynntist mörgum bandarískum fjölskyldum er bjuggu í Keflavík og í mörgum tilfellum var það þannig að bandarískar fjölskyldur komu til Íslands og byrjuðu á því búa í bæjunum í kring um völlinn en fengu svo íbúð á varnarsvæðinu þegar þar losnuðu íbúðir:

Ein kona sem bjó niðri hjá mömmu og pabba með fjölskyldu sinni, ég var lengi í sambandi við hana. Maðurinn var í hernum en það var alltaf eitthvað sem ég kundi ekki við í sambandi við hann. Mamma, sem sá nú meira en margur annar, sagði alltaf að það væri eitthvað vont í þessum manni. Eiginkonan var mjög indæl en hjónabandið endaði með skilnaði og hún giftist svörtum manni sem var voða finn karl. Dóttir þessarar konu

fæddist hérna á vellinum og hún kom síðastliðið sumar og heimsótti mig. Pabbi hennar, þessi leiðinlegi, hafði þá lent í mörgu voða erfiðu þegar hann var lítill en aldrei unnið úr því. Hann var ekki góður við börn. En það er mjög gaman að fá að fylgjast með þessu fólki sem bjó hérna á Íslandi og ég var í sambandi við. Svo var ég barnapía hjá mörgum amerískum fjölskyldum sem bjuggu hérna í Keflavík. Þeir gátu verið mjög strangir við börnin sín hermennirnir. Ég passaði mjög mikið fyrir ameríska fjölskyldu sem bjó rétt hjá mér, ég var eiginlega alltaf þar, það voru pínulitlir tvíburar sem ég passaði fyrir hjónin og blessuð konan átti eitthvað erfitt, hefur eitthvað verið í pillum held ég, jæja allavega lenti ég í þrætum við konuna því hún vildi meina að hún þekkti tvíburana í sundur en hún gerði það ekki en ég gerði það, var mikið meira með þá greyin en mamman. Einhvern tíma lamdi ég nú einn pabbann sem ég var að passa fyrir, í mörgum tilfellum voru börnin mjög hrædd við feður sína það var svona heragi á heimilinu þegar pabbinn var heima. Börnin voru skelfingu lostin af hræðslu við föður sinn. Það var þannig að eitt barnið hafði fengið í magann og það kom slys í buxurnar, þá varð pabbinn mjög reiður og dró af sér beltið. Hann var háttsettur í hernum var allur borðalagður og finn en ég kom honum í skilning um að ég skyldi sjá um barnið, ýtti við manninum og sagði honum að láta barnið vera og að ég myndi fara ef hann gerði það ekki. Þetta gat ég minni bjöguðu ensku, ég var frekar ung þarna og ekki orðin mjög góð í ensku. En svona var þetta mjög misjafnar fjölskyldur sem maður kynntist. Ég gekk í arf hjá fjölskyldunum þegar ein fór af landinu fékk einhver önnur mig sem barnapíu.

Nokkuð algengt var að íslenskar stúlkur sinntu barnapössun fyrir amerískar fjölskyldur og eins og Anna nefnir var mælt með henni til næstu fjölskyldu þannig að segja má að hún hafi gengið í arf hjá kanafjölskyldunum.

Allt var leigt í Keflavík, rúm, kytrur, skúrar, ris, kjallarar allt húsnæði sem mögulegt var að búa í var leigt. Karl man eftir tilviki þar sem ekki svo góð umgengni var höfð í hávegum:

Hver einasta kytra var leigð, það vantaði alltaf húsnæði og það var allt leigt. Tengdafaðir minn og bróðir hans áttu íbúð á Baldursgötunni sem þeir leigðu könum og ég hef aldrei lent í öðru eins og þegar var verið að skipta um leigjendur í eitt skiptið. Þegar við komum til að fara yfir íbúðina voru haugar af kakkalökkum, lifandi og dauðum, þeir skiptu þúsundum. Mikill viðbjóður en þetta var bara þrifið og íbúðin leigð næsta ameríkana. Það voru allir að græða á kananum.

Það vildi stundum til að þegar Bandaríkjamenn fluttu til Íslands með búslóð sína læddust kakkalakkur í sumum tilvikum með en festu þó ekki rætur hér á Íslandi.

Karl flutti ungur til Keflavíkur til að vinna hjá hernum bjó til að byrja með á varnarsvæðinu sjálfu.

Ég bjó í kambi á vellinum, það var alls staðar fólk og allt leigt sem hægt var. Fólk bjó í bröggunum á vellinum á meðan að það mátti. Þetta var bara herbergi sem ég leigði innan girðingar.

Silja sem vann við skemmtanaiðnað á Keflavíkurflugvelli hefur aðra skoðun á leigumálum Keflvíkinga og Bandaríkjamanna:

Mér fannst voðalega leiðinlegt að sjá hvað Keflvíkingar mjólkuðu kanana, þeir leigðu íbúðir í Keflavík á himinháu verði og plötuðu þá í að smygla fyrir sig af vellinum og ég fann alltaf til með kónunum. Mér fannst illa farið með marga og svo gátu Keflvíkingar svoleiðis verið að skíta þá út, blessaða kanana. Það sem ég upplifði mest neikvætt við kanana var hvernig Keflvíkingar komu fram við þá. Ég hef aldrei getað skilið meðferðina á þessu fólki hjá Íslendingum.

Líklega eru ekki allir Keflvíkingar á sama máli og Silja en hugsanlega hafa einhverjir bæjarbúar reynt að fá eins mikið út úr Bandaríkjamönnum og mögulegt var en ekki verður um það fullyrt hér.

#### 4.4 Smyglið, var það í lagi?

Varnarsvæðið á Miðnesheiði var afgirt og þurfti að fara í gegnum varnarhlið til að komast á svæðið. Viðmælendur þessarar rannsóknar hafa margir notið góðs af veru hersins á heiðinni. Líkt og yfirtitill vísar í var það ekki óalgengt að börn í Keflavík fengu sælgæti ættað frá Bandaríkjunum, í skóinn, ef foreldrar eða aðrir nákomnir störfuðu hjá varnarliðinu. Lilja minnst svæðisins þegar það náði afar langt inn til Keflavíkur:

Varnarsvæðið var svo miklu stærra, það náði alveg niður fyrir þar sem KFC er núna, var alveg upp að Fiskiðjuni sem var þarna þá.

Varnarsvæðið fór svo minnkandi eftir því sem árin liðu en lengst af voru tvö varnarskýli þar sem hægt var að komast inn á varnarsvæðið. Annarsvegar var það sem kallað var Aðalhliðið og hins vegar Grænashliðið. Almennt var talað um varnarskýlin sem „hliðin“. Bæði íslenskir og bandarískir lögreglumenn stóðu vaktina í hliðunum og veifuðu bílstjórum áfram eða stoppuðu þá. Tollalög komu í veg fyrir að straumur vara færi inn og út af vellinum en það var hins vegar algengt að smygl ætti sér stað og í mörgum tilfellum var nánast viðkennt að smygla eins og dæmið frá Lilju hér að neðan sýnir:

Það er ýmislegt sem við í Keflavík höfum haft og gert en ekki gert okkur grein fyrir, til dæmis var ég alltaf með kalkún í matinn á gamlárskvöld en þá voru engir kalkúnar til á Íslandi og kostaði dollar pundið og gerði það í mörg ár. Synir mínir fóru til dæmis á völlinn þegar Halloween var og fengu sælgæti og smygluðu svo niður eftir, en ég held eins og til dæmis á hátíðisdögum eins og Halloween voru þeir mildari í hliðinu en venjulega. Hef grun um að það hafi verið mikið smyglað af áfengi og sigarettum, ég smyglaði sigarettum á meðan að ég reykti og svo kalkúnum alltaf einu sinni á ári. En svona var þetta bara!

Margar sögur um smygl hafa farið um Keflavíkina á meðan Bandaríkjaher dvaldi á Miðnesheiðinni. Verslanir á varnarsvæðinu voru nokkrar og hægt var að gera góð kaup. Sögur eins og að heilu íbúðirnar væru með amerískum þvottavélum, þurrkurum og fleiru verða ekki staðfestar hér en að minnsta kosti lifðu sögurnar í Keflavík og gera enn.

Mörg ráð voru notuð þegar kom að því að smygla vörum í gegnum hliðið. Íris var barn þegar hún ómeðvitað tók þátt í því:

Ég fór heilmikið á völlinn, átti samt aldrei heima þar, maður átti bara amerísk föt en ég var látin smygla sjálf sem krakki. Ég var klædd í mörg lög af fötum svo var farið í gegnum hliðið, ég var svakalega hrædd við löggur. Systur mömmu bjuggu á vellinum og það var verslað uppfrá og svo smyglað niður eftir. Ég man að einhvern tíma var ég með mömmu hjá Sýslumanninum, þegar ég var lítil og varð skíthrædd og hékk í henni þegar

að lögreglumaður gekk þar inn. Ég var ofsa hrædd við löggur sem barn, örugglega af þessu smygli.

Og Íris heldur áfram og minnst á hús sem selt var í Keflavík ekki fyrir svo löngu og kom í ljós hjá nýjum eigendum að allt rafmagn í húsinu var amerískt, einnig rafmagnstaflan:

Stjúppabbi minn var í því að smygla fyrir fólk. Hann og vinur hans höfðu útbúið box undir bílnum og þar var brennivínsflöskurnar og sígarettukartonin sett og svo var keyrt í gegn um hliðið og ekkert fannst í bílnum með boxinu undir. Hann var svo handtekinn fyrir smygl, ég varð vitni að því og vinkonur mínar líka, það hafði mikil áhrif á mig. En það voru margir í því að smygla, það var bara næstum því allt í lagi að smygla. Margir voru í því að koma með mat af vellinum það var appelsínuguli osturinn, koolaid, dr. Pepper og alls konar. Og svo heyrði maður af þjófnaði, til dæmis þegar Grænás blokkirnar voru byggðar þá var talað um þetta væru dýrustu blokkir sem byggðar höfðu verið því byggingarefninu var alltaf stolið aftur og aftur.

Margir Keflvíkingar muna eftir að hafa farið í gegnum gatið á girðingunni. Hliðið var illviðráðanlegt með íslenskum og bandarískum lögreglumönnum og mun auðveldar að komast í gegnum hið margfræga gat, líklegt þykir að gatið hafi verið á mismunandi stöðum og að yfirvöld hafi stoppað reglulega í götin. Unnur tók þátt í að smygla í gengum gatið víðfræga:

Já, já við fórum í sjálfsala þar sem hægt var að kaupa sígarettur og nammi og eiginlega allt mögulegt. Smygluðum líka bjór oft en svo var alltaf kalkúnn hjá minni tengdafjölskyldu alltaf tvisvar á ári og ég man þetta voru mjög góðir kalkúnar. Svo var stundum keypt brennivín og smyglað, það voru svona risaflöskur, kallaðar hankaflöskur af Smirnoff, jú, jú ég tók alveg þátt í þessu.

Kristín tók þátt og smyglaði kalkún af vellinum en gerði það ekki aftur:

Í eitt skipti smyglaði ég, ég vann í sumarafleysingum í tíu ár og ákvað að smygla einum kalkún, ég renndi upp eftir var með strákana mína litla með mér og þetta var á föstudegi og allir hættu að vinna kl. 13.00 á föstudögum á vellinum. Svona eftir á að hyggja var algjör vitleysa að reyna þetta á föstudegi um hádegi. Það var röð af bílum við hliðið og ég sé að löggurnar eru að skoða um það bil annan hvern bíl og ég fer að telja og ég virðist ætla að lenda í að vera tékkuð. Varð mjög stressuð því maður gat

verið rekin úr vinnu fyrir smygl, það var búið að vara mann við. Þegar ég nálgast hliðið segi ég við strákana mína, syngið þið, bara eitthvað! Var að farast úr stressi en svo komst ég í gegn en gerði þetta aldrei aftur.

Það heyrðust margar sögur um smygl sumar eflaust sannar og aðrar ekki svo áreiðanlegar. Hlín viðurkennir að hafa tekið þátt í smyglinu á óbeinan hátt þó:

Ég fékk reyndar útrunnar vörur, maðurinn minn fyrrverandi vann þarna uppfrá á einhverjum lager og ef það átti að henda vörum þá máttu þeir hirða vörurnar. Þetta voru aðallega svona frosnar pizzur sem voru ekki algengar þá og mér þótti ágætis búbót. En ég fékk líka, og skammast mín fyrir að segja frá því, þvottavél og þurrkara af vellinum. Það þótti voða fínt að eiga svoleiðis af vellinum en mér fannst þetta ekkert góðar græjur, fannst þvottavélin óttaleg skolvél. En ég smyglaði aldrei persónulega sjálf það fór með í gegn um hliðið en ég fékk þetta nú samt af vellinum. Og með gatið á girðingunni, maður heyrði sögur um gatið á girðingunni en ég vissi nú aldrei hvar þetta gat var. Eða voru þetta mörg göt?

## 4.5 Tónlistin á vellinum

Það er margra álit að vera varnarliðsins hafi haft mikil áhrif á þróun tónlistar í Keflavík og benda líkur til þess að svo hafi verið. Ekki er hér um ítarlega umfjöllun að ræða á tónlist heldur er tilgangurinn að taka dæmi um möguleika sem völlurinn hafði fyrir tónlistariðnaðinn á Íslandi. Margt tónlistarfólk fékk tækifæri bæði til að koma fram í klúbbum á vegum varnarliðsins og svo að kynnast framandi tónlist í útvarpi varnarliðsins sem ætíð er nefnt Kanaútvarpið. Silja fékk ung að árum undanþágu frá utanríkisráðherra Íslands til að hún ætti greiðan aðgang að vellinum:

Þegar ég er sextán ára byrja ég að syngja, eiginlega fyrir slysi, mér var boðið á æfingu hjá bróður vinkonu minnar sem var með hljómsveit og ég fékk söngkonustarfið og þar með var þetta byrjað.

Til að komast á varnarsvæðið þurfti bæði að hafa vegabréf, eða passa þess eðlis og fólk þurfti að vera orðið átján ára til komast inn á klúbba svæðisins:

Ég hafði verið beðin um að syngja í afmælisveislu sem var haldin til heiðurs Ásgeirs Ásgeirssonar forseta Íslands þegar ég var sextán og nýbyrjuð að syngja. Það gekk vel að komast inn á völlinn og upp í Officeraklúbb, foreldrar mínir voru með mér, en það gekk ekki eins vel að syngja. Ég átti að syngja með Big Bandi á vegum hersins en þó ég væri ágæt í ensku þá átti ég erfitt með að skýra út orðin tengd tónlistinni. Ég sagði alltaf it is an a-s sem kom kjánalega út og það endaði með því að ég söng með trommuleik um kvöldið, þeir kunnu ekkert og skildu mig ekki. Ég var reyndar ágæt í enskunnni því heima í Garðabæ náðum við kanasjónvarpinu og þar lærði maður enskuna vel. Það var svo stuttu seinna að ég átti að koma fram í Offanum en þá var ég stoppuð í hliðinu og spurð um skilríki og ég laug að þeim að ég væri sautján en komst ekki inn á völl. Það voru allir í hljómsveitinni komnir niður í hlið að reyna að fá mig inn en það var engu tauti við lögguna komið og ég fór heim. Eftir þetta talaði pabbi við utanríkisráðherra og ég fékk uppáskriftað af honum að ég mætti syngja á vellinum. En það hefur verið því að þakka að ég söng fyrir forsetann þarna aðeins áður (Silja).

Það að hafa aðgang að sjónvarpi og útvarpi sem spilaði annars konar tónlist en Ríkisútvarpið gerði hafði sín áhrif. Sigríður minnst tónlistaráhrifa af vellinum:

Ég held að kaninn hafi haft mjög mikil áhrif hérna í Keflavík, heldur betur, ofsaleg áhrif á æskulýðinn. Bara músikin var ofsalega mikil hérna og svo talaði æskulýðurinn allur ensku, það var svo mikið horft á kanasjónvarpið og hlustað á kanaútvarpið og allir krakkar lærðu ensku mjög snemma.

Gunnar Þórðarson talar um í bók sinni *Hljómagangur* að á hans yngri árum, er hann spilaði með hljómsveit Guðmundar Ingólfssonar, þá var það vani að spila á vellinum tvisvar til þrisvar í viku. Á tímabili var til dæmis spilað á hverju miðvikudagskvöldi í Officeraklúbbnum. Áhrif Kanaútvarpsins nefnir Gunnar einnig í minningum sínum. Í Kananum voru spiluð nýjustu lögin og á meðan Gunnar spilaði með Hljómsveit Guðmundar Ingólfssonar var amerísk dægurtónlist allra vinsælust. Kanaútvarpið var leiðandi í dægurtónlist þegar Gunnar er að alast upp í Keflavík (Jón Hjartarson, 2008).



Silja vann í klúbbum varnarliðsins við að syngja og spannaði ferillinn yfir tuttugu ár:

Ég vann þarna bara við að syngja í klúbbunum á vellinum, ég söng í yfir fjörutíu ár en alveg vel tuttugu ár á vellinum. Ég var mjög vinsæl á vellinum, ég var svo frökk, ég vorkenndi þeim þessum ræflum þarna, þeir voru einir, hittu ekki kvenfólk svo ég var svolítið djörf og var með fimmtíu metra langa snúru á míkrafóninum og settist í fangið á þeim og var svona frekar hress við þá greyin.

Nokkrar tegundir voru af skemmtistöðum á varnarsvæðinu og var farið eftir því hvar hermenn voru staðsettir í goggunarröð hersins, það er hversu hátt eða lágt settir þeir voru. Karl minnst fjölda skemmtistaða á vellinum:

Það var nóg af klúbbum þarna upp frá. Officeraklúbburinn var bara fyrir yfirmenn en þeir gátu boðið gestum með sér og síðar var hægt að borða þarna í hádeginu til dæmis. Það var þarna Chief klúbbur sem var CPO sem var fyrir svona semi yfirmenn. Svo var einn sem var kallaður „rekollið“ sem var eins og tólmstundastarf iðkað þarna en þetta var einnig skemmtistaður. Þetta eru nú bara dæmi. Top of the Rock var vinsæll staður líka. Þeir voru heilmargir staðirnir þarna uppfrá.

Silja söng á flestum skemmtistöðum á vellinum:

Ég söng út um allt á vellinum meira að segja á einum stað sem þeir kölluðu Animal Locker sem var klúbbur fyrir þá lægst settu. Þar datt allt í dúnalogn þegar ég söng annars voru svo mikil djöfulsins læti þarna. Þeir voru hættir að bjóða upp á glös úr gleri, það voru bara notuð pappaglös þarna. En þeir voru mjög stilltir þegar ég söng fyrir þá, ég hafði svo góð áhrif á þá blessaða. Síðasta kvöldið mitt áður en ég flutti til Ameríku söng ég þarna í dýragarðinum. Ég var að spila þarna oft fimm kvöld í viku, það var nóg að gera hjá mér. Klúbbunum var raðað eftir því hver mátti koma þarna inn. Offinn var flottastur, þar voru officerarnir og þeir lægst settu voru í Animal Locker klúbbnum eða dýragarðinum eins og hann var kallaður.

Rúnar Júlíusson telur að Kanasjónvarpið hafi haft áhrif á Keflavík og menninguna í bænum. Kanasjónvarpið var komið mörgum árum áður en íslenska ríkissjónvarpið tók til starfa og gerði Rúnar sér ferð til frænda síns til að horfa á Kanasjónvarpið þar sem ekkert sjónvarp var til á heimili hans. Hann minnst þess að hafa helst ekki misst af þætti Ed Sullivan í Kanasjónvarpinu.

Kanaútvarpið og Kanasjónvarpið hafði áhrif á mann segir Rúnar í endurminningum sínum í bókinni um Herra Rokk, einnig að hægt var að nálgast plötur úr Pí-exinu sem var búðin á vellinum. Rúnar hafði eignast segulbandstæki og þar með gat hann tekið upp lögin sem spiluð voru í kanaútvarpinu, þetta hafði mikla þýðingu fyrir drengina sem voru að feta sín fyrstu spor í tónlist, en amerísk áhrif eru ríkjandi til að byrja með í sögu Hljóma frá Keflavík (Ásgeir Tómasson, 2005).

## 4.6 Konur í kanaanum

Konur og erlendir hermenn hafa í gegnum tíðina verið mikið áhyggjuefni fyrir landann. Það var ákveðin ógn að erlendir menn, oft glæsilegir, gerðu sér far um að nálgast íslenska kvenmenn. Líkt og nefnt er í kaflanum um sögulega þróun var það áhyggjuefni hreppsnefndarmanna í Keflavík að stúlkur á unga aldri leiddust út í það að hitta þessa erlendu menn sem ógnuðu stöðu þeirra. Silja er ung þegar hún hittir fyrst amerískan hermann sem hún fer í samband við.

Ég er ekki alin upp í Keflavík heldur í Garðabæ en fer voða snemma að koma til Keflavíkur. Ég fékk berkla þegar ég var ung og var slæm í einhverja níu mánuði og var á Vífilsstöðum og kynntist stelpu þar sem var aðeins eldri en ég og hún var úr Keflavík. Þegar ég er fjórtán ára fer ég til hennar í heimsókn og fór í Krossinn á ball, svakaleg upplifun að koma til Keflavíkur, allt var svo spennandi í Keflavík. Svo var ég byrjuð í kanaanum þegar ég var fjórtán að verða fimmtán ára. Eldri systir mín var með kana og ég kynnist vinum hans, þetta var eina leiðin fyrir þá að kynnast stelpum. Foreldrar mínar hótuðu að drepa systur mína ef ég færi í kanann líka en þetta fór allt mjög hljótt, ég var svo ung auðvitað. En þetta var nú bara þessi eini þarna þegar ég var svona ung en fallegur var hann, ég var í ástarsorg í mörg ár eftir að hann var farinn. Hann hafði skrifað nafnið sitt og heimilisfang í minningarbók sem ég átti og ég skrifaði honum samviskusamlega í þrjú og hálf ár án þess að fá svar. Þegar ég er orðin átján ára fæ ég bréf frá honum og bókstafleg garga af gleði. Mamma hans hafði þá tekið bréfin hans og reyndar geymt en bróðir hans fann þau svo og hann skrifaði mér strax. Svo hittumst við aftur þegar ég var orðin tuttugu og fimm ára, ég var stödd í Arizona hjá frænku minni í

heimsókn og hann kom frá Anaheim í Kaliforníu til að hitta mig og kom líka til Íslands að heimsækja mig, stuttu síðar, en það varð aldrei neitt úr því sambandi en okkur þótti voðalega vænt um hvort annað. Ég hef svo ekkert séð hann eftir þetta.

Ályktanir um að konur væru komnar í kanann voru fljótt dregnar ef konur sáust á gangi með hermanni. Anna segir frá því þegar hún varð fyrir fordómum af hálfu Íslendinga:

Það var í eitt skiptið að ég var á leiðinni til Reykjavíkur til augnlæknis og þá er maðurinn á neðri hæðinni líka að fara út, hann var hermaður á vellinum. Ég spyr hann hvert hann sé að fara og þá er hann að fara til augnlæknis líka og ég fæ að vera honum samferða til Reykjavíkur í stað þess að taka rútuna. Þegar hann er búinn hjá augnlæknum þarf hann að ganga aðeins um og jafna sig áður en hann leggur af stað, hann fékk einhverja dropa í augun og ég leiddi hann þarna um höfuðborgina því hann sá illa. Þá kemur að okkur þarna maður og hrækir á okkur. Ég var nú bara unglingskrakki í gallabuxum og frekar stelpuleg. Karlinn kallaði mig hóru og þá varð vinur minn af neðri hæðinni mjög reiður og ætlaði að vaða í hann, já það voru fljótar að koma sögurnar um konurnar í kananum.

Sigríður sem kemur af Austfjörðum telur að margar konurnar hafi farið illa út úr samskiptum sínum við ameríska hermenn á Keflavíkurflugvelli:

Það var ein vinkona mín að austan sem fór í kanann. Þegar ég kom til Keflavíkur fimmtán ára er ég hjá bróður mínum en svo kemur þessi vinkona mín frá Eskifirði. Hún hitti hér strák úr Keflavík og var með honum en svo gekk það samband ekki og hún fór að vinna á vellinum. Meira að segja ráðningarstjórinn þarna uppfrá lét hana lofa sér að vera ekki með kana, hann þekkti þessa vinkonu mína eitthvað. Það endaði sorglega hjá henni blessaðri, hún fór í kanann, varð ólétt, kaninn var reyndar giftur og var farinn og vildi ekkert með hana hafa. Hún fór austur aftur, ólétt með brotna sjálfmynd. Svona sögur heyrði maður oft, þeir voru margir giftir og vildu ekkert með þessar íslensku hafa nema að sofa hjá þeim.

Íris á merkilega sögu, móðir hennar er ung þegar hún eignast hana og þeirri sögu lýkur ekki fyrir en á fullorðinsárum Írisar:

Ég er fædd í Keflavík, mamma er Keflvíkingur og ég er barn hermanna af Keflavíkurflugvelli. Mér var sagt að hann væri dáinn þegar ég var lítil. Mamma hefur eflaust verið að leita að þessum eina rétta og átti ameríska kærasta og var mikið upp á velli. Hún lendir í því að verða ólétt af mér og á sama tíma var önnur kona ólétt eftir sama manninn. Mamma sagði mér að hún hafi aldrei sagt honum frá óléttunni, en þetta voru auðvitað bara krakkar þarna upp frá, tuttugu ára gaurar, en mamma var voðalega sár þegar hún heyrði um hina konuna. En einu og hálfu ári síðar verður hún aftur ólétt, eftir annan kana en hann stakk nú af sá gaur. Hún gaf það barn út af aðstæðum, gat ómögulega séð ein um tvö börn. Ég frétti það þegar ég var tólf ára að mamma hefði gefið barn og þá var það vinkona mín sem sagði mér það. Ég hljóp heim til ömmu og spurði hana en hún sagði bara –hvaða vitleysa, en svo sagði mamma mér það sjálf að ég ætti hálfbróður sem hún hefði gefið og þá grét hún mikið, þetta hefur verið mjög erfitt fyrir hana. En ég man eftir nokkrum kærustum og systur hennar tvær voru giftar könum.

Lilja, sem vann hjá varnarliðinu, taldi konurnar sem voru með hermönnum margar lítilsverðar:

Þær voru margar þarna hálfgerðar gleðikonur, sem fengu ekki einu sinni borgað fyrir, þær höfðu ekki vit á því. En þær sem voru þekktar gátu látið skrifa sig inn á völlinn þær þekktu marga hermenn og gátu farið og komið eins og þær vildu.

Ýmislegt var lagt á sig til að komast í klúbbana á Keflavíkurflugvelli, það gat verið erfitt að komast í gegnum hliðið. Karl man eina sögu af ferðum íslenskra kvenna á völlinn:

Það voru alltaf íslenskar konur á vellinum, það voru stelpur sem voru með könum og sumar enduðu nú í Ameríku. Svo voru nokkrar sem voru með þeim á meðan þeir dvöldu hérna sem var kannski í ár og svo fengu þær sér nýjan hermann þegar sá gamli var farinn. Flestir hermenn voru hér í eitt til þrjú ár. Eitt skiptið er ég að keyra leigubíl og ég tek tvær konur sem vildu komast á klúbb á vellinum, þetta var að vetri til og var leiðinlegt veður. Þær komust ekki á völlinn í gegnum hliðið, þar voru þær stoppaðar, þá vildu þær fara í gegnum gat á girðingunni sem þær og gerðu en voru illa búnar í kuldanum. Þær tróðu sér í gegnum girðinguna og ég hafði nú áhyggjur af þeim þær voru svo illa búnar og það var svo kalt. Ég rúllaði í klúbbinn sem ég vissi þær ætluðu í, til að fylgjast með að þær kæmust þangað. Loksins komu þær þá var önnur við það að gefast upp, hin hélt henni uppi og þær voru illa á sig komnar af vösbúð og kulda en í

klúbbinn ætluðu þær. Svo vissi maður að þær smygluðu sér í skottum á bílum til að komast á völlinn.

En svo voru margar ungar konur sem litu aldrei við Ameríkönum líkt og Svava nefnir:

Í Keflavík vissu allir hvað allir voru að gera. Kannski hefur það haft áhrif á mann, það var svona smábæjarmóral. Þú varst fljót að missa mannorðið þess vegna fór maður sko alls ekki á völlinn að skemmta sér. Það var of mikið í húfi í svona litlu samfélagi eins og Keflavík var, mannorðið fljótt að fara ef maður skemmdi það með því að fara á völlinn. En svo fannst mér gaman að pæla í konunum, sumar voru ofsalega amerískar í sér og giftust við fyrsta tækifæri og fluttu út og vilja aldrei koma aftur. Svo voru aðrar sem tolldu illa í Ameríkunni. Það voru margar konur á jaðrinum sem fóru í kanann, það er staðreynd að þær voru margar ekkert sérlega vel gefnar en svo voru náttúrlega undantekningarnar, klárar stelpur sem giftust þarna upp eftir. Ég á frænku sem er svona á jaðrinum og var á kafi í kananum, margar af þessum konum voru svolitlar druslur, það er bara staðreynd. Svo hins vegar skilur maður þær svolítið, þeir voru auðvitað margir þarna upp frá stórglæsilegir og stundum hugsa ég, maður veit ekki fyrir en misst hefur. En mér finnst ég hafa upplifað það mjög sterkt að það voru óaðri konur sem fóru þarna upp eftir. Þú varst annars flokks ef þú varst í kananum, maður skynjaði það mjög sterkt að það var algjört tabú að skemmta sér á vellinum. Það var búið að innræta þetta í mann, það var ekki fínt að vera í kananum.

Mannorðið er mikilvægt og það var engin miskunn ef konur sáu með kana eða voru þekktar fyrir að skemmta sér á vellinum. En reyndar var það á báða bóga, það var ekki alltaf auðvelt fyrir Bandaríkjamenn að fara út fyrir varnarsvæðið. Íris segir frá óskemmtilegri reynslu:

Einu sinni var ég að vinna þarna upp frá og það er eitthvert kveðjupartý, einhver var að fara. Allur hópurinn fer svo niður í Keflavík og á skemmtistað en þá var ekki hægt að hleypta öllum inn á skemmtistaðinn því hermennirnir voru misháir í tign og þeir sem voru lægstir fengu ekki að fara inn. Þetta fannst mér mjög leiðinlegt en við fórum þá bara á annan skemmtistað þar sem allir komust inn. Það var leiðinlegt að verða vitni af þessu. Svo fékk ég glósur frá fólkinu á skemmtistaðnum og var spurð hvort að maðurinn minn vissi af þessu, það að ég var að skemmta mér með Bandaríkjamönnum.

Fordómar voru fljótir að koma í Keflavík, þrátt fyrir að Íris hafi alls ekki verið í tygjum við hermenn voru Keflvíkingar fljótir að dæma eins og sést á sögu hennar. Vinkonur fengu vinkonur til að koma á völlinn og skemmta sér. Ein vinkona Írisar stundaði skemmtistaðina á Keflavíkurflugvelli grimmt:

Ein stelpa sem ég þekkti var mjög dugleg að vera á vellinum, hún er jafngömul mér og var alltaf að reyna að fá mig til að koma á völlinn, það væri svo gaman að vera þarna. Þessi stelpa var fljót að fá á sig stimpil og talað var um að hún væri komin í kanann!

Í fjölskyldu einni í Keflavík giftust þrjár systur af fimm bandarískum hermönnum, Kristján segir systur sínar hafi verið misheppnar með eiginmenn sína:

Ein af þeim var mjög heppin en reyndar drakk hann mikið en er ágætis karl. En pabbi minn talaði alltaf um að hafa misst dætur sínar í kanann og kenndi svo amerísku barnabörnum sínum að segja helvítis kaninn. Þá var sjaldnar komið heim og barnabörnin hittu ömmu og afa ekki mjög ört. En svo fór eitt barnabarn mömmu og pabba líka í kanann, hún greyið átti amerískan kærasta og var ólétt og var á leiðinni að flytja til Ameríku. Hún bjó í kjallaranum hjá mömmu og pabba og var búin að selja alla búslóðina þegar kærastinn skrapp eitthvað út. Hann kom aldrei aftur blessaður, stakk af með alla peningana og hún endaði með að gefa þetta barn. Í raun má segja að pabbi og mamma hafi misst þrjár dætur og eina dótturdóttur í kanann.

Það var eins og þegar konur voru komnar í kanann þá var varla aftur snúið. Það virðist sem þær héldu sig við eiginmenn og kærasta af vellinum og annað hvort ekki átt afturkvæmt í íslenska samfélagið eða vildu það ekki sjálfar. Silja giftist tveim Bandaríkjamönnum fyrir utan bandaríska unnusta:

Ég er fjórgift, giftist tveimur Íslendingum og tveimur Bandaríkjamönnum. Fyrst giftist ég íslenskum manni á með honum dætur mínar tvær. Svo kemur Steve sem ég flutti til Ameríku með, það var heilmikið brúðkaup í NCO klúbbnum og ægilega mikil ást og hamingja til að byrja með. Það voru margar stelpur sem stunduðu það að vera með kana og voru hvorki landi né þjóð til sóma en það voru líka mjög flottar stelpur sem voru með kana. Alltaf voru einhverjar sem vildu bara vera með svertingjum og vildu ekki sjá neitt annað. En ég skil alveg að við sem vorum í þessum bransa vildum vera

þarna því hermennirnir gátu verið svo glæsilegir og sjarmerandi, ægilega kurteisir og næs. Þeir gátu nú verið óttalegir durgar margir íslensku strákarnir og verið svolítið sveitó að minnsta kosti margir af þeim. Ég giftist tveimur könum og flutti til Ameríku með aðra dóttur mína, hin varð eftir hjá pabba sínum. Ég bjó í sjö ár í Bandaríkjunum og maðurinn minn vann við flugumferðarstjórn. En það hjónaband endaði með leiðindum og ég fór heim, en svona eftir á að hyggja hefði ég átt aldrei átt að koma heim. Ég hefði átt að fara aftur til Maine þar sem ég var aðeins búin að koma mér á framfæri sem söngkona, ég hefði alveg bjargað mér. Ég kunni vel við mig í Maine þar eru árstíðirnar svo skýrar og bara gott að vera. Það hefði verið skynsamlegt en svo dró hin dóttirin mig heim sem var hjá pabba sínum.

Lísa fór á völlinn að skemmta sér:

Ég fór á völlinn að skemmta mér, ég hafði kynnst einum í Reykjavík þar sem ég bjó og hann bauð mér á Officeraball. Ég sé nú þínu eftir því að leyfa því ekki að þróast en ég var hrædd við fordóma. Hann var mjög sjarmerandi flugmaður í flughernum.

Hlín upplifði konur í kananum hjá fyrrverandi tengdafjölskyldu sinni:

Systir fyrrverandi mannsins míns var með tveimur könum og ég man það var mjög erfitt hjá fjölskyldunni að samþykkja það. Fjölskyldan var frekar umburðarlynd þegar hún var með þeim fyrri en ekki eins þegar sá seinni var kominn í spilið. Svo dugði það hjónaband ekki og maður fann að það var ákveðinn léttir þegar hún fékk sér loks íslenskan eiginmann.

Það eru ákveðnar mótsagnir í því þegar konur voru komnar í kanann og Hlín veltir því fyrir sér hvað sé að því að vera með Bandaríkjamönnum:

Hugsa sér hvað við erum miklir smáborgarar. Við erum að tala um almennilega menn sem bjóða þér og dekra þig og hæla. En nei það er ekki samþykkt af samfélaginu hér, þá ertu bara komin í kanann. En ef þú ferð að skemmta þér í Keflavík eða í Reykjavík og það er maður sem nánast ælir yfir þig og dregur þig heim á hárinu, þá er það samþykkt! Það er íslenskt!

## 4.7 Blessuð börnin

Að vera íslenskt barn hermanns hefur ekki alltaf verið auðvelt, ekki heldur að vita til þess að foreldri þitt eigi í nánnum samskiptum við banarískan hermann. Íris og Svava alast upp við að mæður þeirra eru í tygjum við gestina af Miðnesheiði. Svava bjó í Bandaríkjunum í sjö ár:

Ég var bara smábarn þegar mamma flytur með þáverandi eiginmanni sínum til Ameríku, ég man að þau áttu marga vini og man eftir mér fyrst á Sunnubraut í Keflavík og svo fluttum við til Ameríku, þar bjuggum við á fjórum stöðum fyrst í Minnesota svo fluttum við til Georgia, mjög sunnarlega. Þar bjuggum við í ekta hjólhýsahverfi í nokkra mánuði. Ég man mest eftir kakkalökkunum, ég dundaði mér við að telja þá, þeir voru svo margir. Ég lék mér við stelpu í næsta hjólhýsi þar sem mamman var í einhverju rugli og lítið heima, einhvern tíma kom bróðir hennar með nærbuxur af henni til að spyrja mömmu hvað þetta væri eiginlega. Þá var stelpan með njálg og bróðirinn að reyna að bjarga þeim. En við vorum ekkert lengi þarna en þetta var dálítið subbulegt. Síðan förum við til Maine og það er líklega sá tími í lífi mínu sem mesta ró og staðfesta var því oft var fjörukt heima hjá mér. Í Maine bjuggum við í þrjú ár og lifðum mjög einföldu lífi á amerísku úthverfi þar sem lifað er í sínu nánasta umhverfi, lítið farið annað en í skóla og í verslun einu sinni í viku. Eftir Maine fluttum við til Minnesota þaðan sem maður mömmu er frá. Mér leið mjög vel í Minnesota, þarna var fjölskylda sem ég tengdi mig strax við og þarna voru jólin haldin hátíðleg og mér fannst mjög gaman að vera þarna. Í Minnesota man ég fyrst eftir að hafa borðað jólamat og átti fjölskyldu á jólnum, maður mömmu átti stóra fjölskyldu og þarna eignaðist ég ömmu og afa í Ameríku. En þarna voru komnir brestir í sambandið hjá mömmu og manninum hennar. Skyndilega vorum við flutt til Indiana, ég var mjög ósátt við það því ég vildi vera hjá ömmu í Minnesota. Um miðjan febrúar 1976 er ég tekin úr skóla og mamma fór með mig til Íslands því hún ætlaði að vinna sér inn pening til að kaupa hús í Indiana. Ég var hjá ömmu minni á Íslandi í sex mánuði, í engum skóla, en þetta var þegar ég er níu ára og ekkert að gera. Það eitthvað reynt að koma mér í skólann á Keflavíkurlflugvelli en það varð ekkert úr því.



Íris flutti einnig með móður sinni til Bandaríkjanna á meðan að dvöl hennar stóð fluttu þær mæðgur átján sinnum á þeim átta árum sem Íris bjó þar:

Mér fannst mjög óþægilegt að mamma væri upp á velli að hitta kana og ég skammaðist mín fyrir það, en svo var líka svolítið gaman að fá allskonar dót, þetta var eiginlega þversögn en ég var auðvitað bara barn. En ég man alveg eftir nokkrum kærustum og ég fann alveg fyrir því að vera kanabarn, mér hafði verið sagt að pabbi minn hefði verið hermaður og væri dáinn. Það þótti ekki flott að vera í kanalegum fötum í skólanum og það var ýmislegt sem var kanalegt sem passaði ekki í Keflavík en hins vegar þótti flott að eiga kananammi og þá varð maður vinsæll ef það var til. Ég átti til dæmis hjól sem var keypt á vellinum, það rosalega erfitt að hjóla á því og það þótti ekki flott að eiga svona kanalegt hjól. Maður fann fyrir þessu á ýmsan hátt. Svo þegar ég var tólf ára fluttum við til Ameríku, ég átti að fermast árið eftir en var bara skellt inn í fermingu og fermd án nokkurs undirbúnings, mér fannst og finnst ennþá það frekar lélegt af móður minni. Ég grét hálf leiðina og var keypt með alls konar varningi þegar þangað var komið til að reyna að hafa mig góða. Og það voru góðar stundir og það voru slæmar stundir í Ameríku, mér og stjúppabba mínum kom illa saman og gerir enn, ég var þarna í átta ár og við fluttum átján sinnum á meðan. Ísland togaði alltaf í mig og ég vildi alltaf koma heim. Þau eru enn þarna úti eru enn gift, maður mómmu á reyndar tvo syni hérna sem hann átti áður með íslenskri konu en hefur ekkert samband við. Þau eiga svo einn dreng saman, hálfbróður minn sem býr þarna. Og svo er ég búin að finna hálfbróður minn sem var gefinn, hann er kanabarn líka og veit ekki hver pabbi hans er.

Í byrjun febrúar árið 1993 voru stofnuð samtök sem kölluðu sig Stríðsbörn og höfðu það að markmiði að finna bandaríska feður íslenskra barna. Íris mætti á stofnfundinn:

Ég fór á fund í Reykjavík hjá samtökum sem hétu Stríðsbörn og áttu að finna feður hermabarna og þar voru mjög margir mættir þarna og alveg ótrúlega margir úr Keflavík, eiginlega varð ég hissa því ég kannaðist við svo marga en vissi ekki að þau væri hermabörn. Ég fór á lista en var sett frekar neðarlega því það átti að reyna að finna feður fyrir eldra fólk en mig. Ég heyrði að einn hefði fundið pabba sinn í gegnum þessi samtök en ég heyrði svo ekkert meira, ætli þau hafi ekki verið lögð niður. Ég var alltaf að leita að pabba mínum og vildi vita meira um uppruna minn og notaði tækifærið þegar ég vann á vellinum og lét fólk fá nafnið hans. Ég vissi nafnið hans. Svo lét ég einn fá nafnið hans og það var meira að segja rétt áður en herinn fór af landinu. Ég gaf

Þessum manni nafnið á þabba mínum og hvenær hann hafði verið hérna á landinu og lét netfangið mitt fylgja með. Nokkrum mánuðum seinna sendi maðurinn mér tölvupóst og sagðist hafa fundið hann. Eiginlega alveg ótrúlegt að ég skyldi finna hann, meira að segja var hann á milli íbúða þegar hann fannst og varð mjög hissa sjálfur. Ég fékk manninn minn til að hringja í hann, ég þorði því ekki sjálf. Hann varð mjög glaður að fréttu af mér og ég fór meira að segja út til Bandaríkjanna til að hitta hann, sem var yndislegt. Það hefði verið nóg fyrir mig að sjá mynd en ég fékk að sjá hann og það var frábært. Þarna kom tengingin sem vantaði, ég hafði aldrei einhvern veginn passað inn í móðurfjölskylduna útlitslega þar sem allir eru lágir, ljóshærðir og bláeygðir en ég græneygð og há. Þarna kom púslíð sem vantaði. Mamma varð ekkert sérstaklega ánægð, henni hafði sárnað svo þegar hún frétti af annarri konu óléttri eftir hann að hún lokaði á hann, hún átti erfitt með að sætta sig við að ég hefði samband við hann. Þabbi minn velti því fyrir sér hvorri hann hefði verið að halda framhjá með mömmu eða hinni konunni. En mamma upplifðu skömmina aftur þegar hún varð ólét af mér, aftur ólét og kærastar á milli, allskonar karlar. Ég fann mynd um daginn af einhverjum kærastanum og fékk einhvern hroll þá hafði mamma farið með honum út til Ameríku með mig sem smábarn en þegar út var komið kom í ljós að kappinn var giftur konu og átti börn og allt. Svona var þetta hjá henni, greyið mamma. Frekar leiðinlegt.

Það að vera tengd á Keflavíkurflugvöll hefur ekki verið auðvelt fyrir börn. Svava telur sig hafa þurft að hafa fyrir því að passa inn í samfélagið í Keflavík.

Ég varð að finna þessa hárfínu línu að passa inn, ég mátti ekki vera of kanaleg en hafa samt nóg af nammi. Vinkonur mínar komu oft með mér heim eftir skóla því þar var ótrúlegt úrval af mat til heima sem ekki var til úti í búð, svona amerískt drasl. Þetta var eiginlega ótrúlega mótsagnakennt því það var ekki að ræða það að fara í föt af vellinum og svo var eiginlega fínt að hafa aðgang að vellinum en það var ekki gaman að eiga mömmu í kanaanum.

Það að fikra þessa hárfínu línu sem Svava talar um hefur ekki verið auðvelt, að vera á milli tveggja elda, að vilja þiggja varninginn en ekki annað sem fylgdi því að tengjast varnarliðinu sem eflaust hefur orkað tvímælis. Bæði Svava og Íris eru aldar upp af mæðrum sem giftast Bandaríkjamanni og þurfa að passa upp á að vera nógu íslenskar fyrir samfélagið í Keflavík hefur eflaust verið þrautin þyngri. Þegar menningarheimar mætast líkt og gerðist þegar um blandað

hjólaband var að ræða, litar það óhjákvæmilega samfélagið. Fram kemur í kaflanum um annað sjónarhorn að Keflavík reyndist svolítið öðruvísi í augum aðfluttra.

## 4.8 Keflavík, annað sjónarhorn

Keflavík hefur vaxið og dafnað í aldanna rás, en vikin er eflaust þekktust fyrir flugvöllinn sem er kenndur við hana. Til að vaxa og dafna þarf fólk í bæinn og til að fjölga enn meir þarf að bjóða upp á tækifæri fyrir aðkomufólk. Mikið hefur verið um aðkomufólk fyrr á árum þegar Keflavík óx svo hratt að það myndaðist gullgrafarastemning í bænum. Nóg var að gera í útgerð fyrir stríð og svo kom herinn og settist að á Miðnesheiðinni og þar með mynduðust ótal atvinnutækifæri.

Sjónarhorn þeirra sem flytjast til Keflavíkur er áhugaverður þáttur því oft er glöggt gests augað. Fengnir voru nokkrir aðilar sem deila þeirri reynslu hvernig þeir upplifa Keflavík, bæði frá sjónarhorni aðfluttra og brottfluttra. Hlín fannst allt svo glæsilegt í Keflavík:

Ég hafði komið hingað áður en ég flutti, fór stundum í Bergás sem var skemmtistaður hérna, það var æðislegt að koma hingað. Ég man að það var í tísku að eiga basthúsgögn þegar ég var ung og mér fannst allir í Keflavík eiga fullt af svoleiðis. Fólk í kringum tvítugt var farið að búa og áttu allt, fulla íbúð af basthúsgögnum.

Lísa flutti síðust af hópnum, eða árið 2006, og valdi að koma til Keflavíkur vegna hagstæðra íbúðakaupa miðað við höfuðborgarsvæðið:

Ég var búin að heyra svo mikið um fjölskyldustefnu Reykjanesbæjar, Árni bæjarstjóri var duglegur að koma henni á framfæri og auglýsa bæinn sinn, held að það hafi verið aðalástæðan ásamt ódýrara húsnæði. Hafði fyrirfram ekki mikla skoðun á bænum sem slíkum en ég man að þegar maður var yngri að skemmta sér í höfuðborginni tók maður eftir krökkunum úr Keflavík og mér fannst þetta svakalega flott fólk. Mjög flottir bílar og glæsilegt fólk.

Hlín hefur tvisvar sinnum flutt til Keflavíkur:

Ég kem fyrst hingað árið 1985 og er hérna í átta ár, við skiljum svo ég og maðurinn minn og ég flyt til Reykjavíkur í nokkur ár og flyt síðan aftur hingað. Þegar ég flutti í annað sinnið þá voru forsendurnar allt aðrar ég átti enga fjölskyldu hérna fyrir utan fyrrverandi tengdafólk mitt og ég þurfti að búa mér til mitt félagslega batterý eða búa mér til mína fjölskyldu í Keflavík. Ég held við verðum að passa okkur, við sem búum hérna, við auglýsum bæinn sem barnvænan og svo flytur fólk hingað og það skiptir sér enginn af því. Ég upplifði svolítið þegar ég flutti aftur til Keflavíkur að enginn vildi vera með mér en ég geri mér grein fyrir því að félagslegu tengslin eru algjörlega undir mér komin.

Talið er að Keflvíkingar hlaupi hraðar en margir aðrir landsmenn í kapphlaupi lífsgæðanna. Viðmælendur hafa skoðun á kapphlaupinu í Keflavík.

Svava flutti til höfuðborgarinnar þegar hún var komin á þrítugsaldurinn og finnst áhugavert að velta fyrir sér Keflavík eftir að hún flutti á höfuðborgarsvæðið:

Eiginlega finnst mér merkilegast hvað það virðist vera mikil þörf fyrir að vera eins, það eru voða margir steyptir í sama mótið. Ofboðsleg áhersla á að líta vel út, eiga flott hús, flottan bíl og svo framvegis. Það vita allir hvað hinir eru að gera er svona smábæjarmóral sem sjálfsagt er í flestum smáum bæjum. Það er margt í Keflavík sem er mjög kapítalískt, Sjálfstæðisflokkurinn fær endalaust fylgi alveg sama hvað hann gerir og svo getur maður velt því fyrir sér hvort að kapítalisminn sé ættaður af velliðum. Vinstri hugsun er ekki mikið ríkjandi í Keflavík að minnsta kosti var það ekki. Svo hef ég heyrt að markaðsfræðingar hefðu farið eftir hvernig vara kom út í Keflavík, ef hún virkaði í Keflavík þá kom hún til með að seljast en ég sel þetta ekki dýrara en ég keypti það. En það áttu allir allt einhvern veginn í Keflavík, allt svo flott, flottar gardínur og allir átti videótæki þegar þau komu, bara sem dæmi.

Stærð bæjarins hefur verið nefnd og Svava gerir það hér að ofan. Kristín er sammála smábæjarkenningum hennar:

Fyrst þegar ég flutti til Keflavíkur þá þekkti ég engan nema fjölskyldu mannsins míns en svo var ég fljót að kynnast öðrum. Mér finnst reyndar mjög jákvætt hvað það virðist vera mikið meira samband á milli fólks hérna. Það eru mjög mikil tengsl á milli

fjölskyldna og vina að minnsta kosti þegar ég miða mig við systkini mín sem búa annars staðar.

Hlín tekur undir smábæjarkenninguna en upplifir hana á annan hátt:

Mér finnst stundum blaðrað of mikið hérna í Keflavík, það fer stundum í taugarnar á mér. Þetta er það lítið samfélag að ég tek eftir því að það er blaðrað. Mér finnst það einn af ókostunum við svona lítið bæjarfélag. Í mínu starfi vinn ég mikið með atvinnulausu fólki og það er mjög spéhrætt og spáir mikið í hvað næsti maður er að gera. Mér finnst það grátlegt þegar einstaklingur getur ekki komið í viðtal vegna atvinnuleysis því hann vill ekki að aðrir sjái hann þar. Mjög sorglegt og heftandi fyrir einstaklinga að velta því fyrir sér endalaust hvað náunginn er að spá í.

Menntunarstig á Suðurnesjum hefur oft verið talið lágt. Svava hefur sína kenningu um menntun í Keflavík.

Mér finnst lítil áhersla á menntun í Keflavík hafa verið ríkjandi. Hvort það er út af peningastreymi af vellinum veit ég ekki en það má alveg gera ráð fyrir því að það hafi haft áhrif. Það var ekkert mál að fá vinnu á vellinum og hægt var að komast í sæmilega stöðu ekki með mikilli fyrirhöfn þannig að það hefur örugglega haft úrslitaáhrif hvort ungt fólk færi að vinna á vellinum eða í skóla.

Hlín hefur einnig sína kenningu um menntunarstig í Keflavík:

Í gegnum starf mitt hef ég komist að því að menntun hér er lítil og mín kenning er sú að ég held að kaninn og völlurinn hafi haft mikið að segja hvers vegna. Fólk fékk hér vinnu á vellinum var með fínar tekjur og gat keypt sér hluti í stað þess að spá í menntun. Þú gast fengið góða vinnu án þess að mennta þig. Tekjurnar fara beint út í neysluna en um leið og þú ert komin með menntun þá hugsar þú öðruvísi. Þegar þér er farið að leiðast í vinnunni kaupir þú bara nýtt hús eða bíl til að gleðja þig og það er örugglega meira en að segja það að hætta í finu starfi þegar þú ert með sömu laun og verkfræðingur í Reykjavík sem er búinn að eyða mörgum árum og miklum peningum í menntun. Þetta er skiljanlegt en kannski ekki skynsamlegt, þetta er vond blanda, lítil menntun og há laun.

Það er áhugavert að sjá sjónarhorn aðfluttra og brottfluttra Keflvíkinga. Fyrir aðflutta kom Keflavík þeim fyrir sjónir sem einskonar glansmynd, að minnsta kosti í fyrstu þar sem allir áttu allt og áhersla var á útlit og neyslu. Sjónarhorn Svövu sem er brottflutt er ólík hinna viðmælenda sem eru aðfluttir Keflvíkingar, hún lýsir miklum kapitalisma í Keflavík og völd Sjálfstæðisflokksins í mörg ár, punktur sem er afar áhugverður og vert að rannsaka nánar. Menntunarstig kemur fram í kaflanum og er áhugverð staðreynd sem gaman væri að skoða.

## 5. Umræður og ályktanir

Tilgangur þessarar rannsóknar er að kanna hvort að seta varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli hafi haft áhrif á menningu og daglegt líf Keflvíkinga. Könnuð voru mismunandi sjónarhorn á viðhorfi til varnarliðsins sem dvaldi á Keflavíkurflugvelli í 55 ár. Rannsóknin er byggð á persónusögum þar sem viðmælendur skýra frá upplifun, reynslu og minningum. Í þessum kafla verða niðurstöður rannsóknar teknar saman, ræddar og settar í samhengi við fyrri rannsóknir og þau fræði sem liggja þessu verkefni til grundvallar.

### 5.1 Alþjóðavæðing í Keflavík

Þegar viðmælendur voru spurðir um fyrstu minningar tengdar her og stríði kemur í ljós að fyrstu minningar eru tengdar neyslu og þeim nýjungum sem erlendur her kemur með til landsins. Tveir viðmælendur þau Kristján og Lilja eru bæði á áttræðisaldri og muna þegar Bretar hernámu landið. Bæði minnst á vörur sem ekki höfðu sést á heimili þeirra. Með komu Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvöll í kjölfar Keflavíkursamningsins kom alda nýrrar neysluvara og áhrifa sem ekki höfðu sést áður.

Strax árið 1943 höfðu bæjarbúar áhyggjur af ungum stúlkum sem lögðu lag sitt við erlenda hermenn. Málfundarfélagið Faxi lýsir áhyggjum sínum á málum stúlkna í bæjarfélaginu og í kjölfarið er stofnuð barnaverndarnefnd. Árið 1955 skrifar Sveinn Skorri Höskuldsson grein í Stúdentablaðið þar sem hann fjallar um ógn herliðsins á Keflavíkurflugvelli og þá sérstaklega þá hættu sem ungu fólki stafar af varnarliðinu. Með komu varnarliðsins verður alþjóðavæðing í Keflavík og með henni varð þjóðerniskenndin ef til vill minni fyrir vikið í Keflavík. Thorsby (2001) talar um að með aukinni alþjóðavæðingu verði aukin þjöppun í samfélaginu, það er að samfélagið eða þjóðin þjappi sér saman og menningarleg sjálfsmynd verði skýrari. Í Keflavík varð ekki mikið vart við þjóðerniskennd, Keflvíkingar virðast hafa tekið her Bandaríkjamanna

fagnandi og ekki að ástæðulausu því atvinnumöguleikar urðu afar fjölbreyttir og miðað við það afskiptaleysi sem stjórnvöld höfðu sýnt bæjarbúum með því til dæmis að koma ekki á fót góðri hafnaraðstöðu þá mætti líta svo á að varnarliðið og koma þess hafi verið bjargvættur bæjarfélagsins. Það virðist, samkvæmt niðurstöðum úr viðtölum, sem Keflvíkingar hafi verið uppteknir af alþjóðavæðingunni. Miðað við ummæli viðmælenda þá er enginn af þeim sem rætt var við beinlínis á móti her varnarliðsins á meðan á dvöl þeirra stóð. Það er hins vegar á huldu hvort viðmælendur hefðu svarað eins jákvætt og raunin varð ef þeir hefðu verið spurðir þegar herinn var hér – það er áhugavert að vita hvort minningin um her hefði verið eins ef þeir hefðu ekki farið. Thorsby (2001) segir að alþjóðavæðing menningar geti haft í för með sér umburðarlyndi á milli þjóða og geti stuðlað að friði.

Þegar viðhorf Sigurðar Líndal, sem kemur fram í *Eimreiðinni* árið 1973, er borið saman við þau viðtöl sem koma fram í kaflanum um niðurstöður kemur í ljós að skoðanir viðmælenda eru afar ólíkar skoðunum Sigurðar. Allir viðmælendur er jákvæðir gagnvart veru Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli. Í tengslum við þessar ólíku skoðanir viðmælenda og Sigurðar má velta fyrir sér að hver upplifir sínar minningar á ólíkan hátt og mætti teljast líklegt að sameiginlegt minni komi ekki frá einstaklingunum sjálfum heldur frá pólitískum áhrifum líkt og Eyeran (2004) nefnir í umfjöllun sinni. Einnig þeim rökum að umhverfi og samfélag einstaklinga hefur áhrif þegar kemur að sameiginlegu minni og sameiginlegri sjálfsmynd. Í því tilfelli sem hér er rætt um fer það að öllum líkindum eftir því hvar einstaklingurinn býr á Íslandi hvernig hann upplifir veru varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Það kom rannsakanda verulega á óvart hversu jákvæðir viðmælendur voru og þrátt fyrir erfiða reynslu hjá sumum þeirra voru þeir allir jákvæðir gagnvart veru varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Það sameiginlega minni sem Keflvíkingar virðast hafa um Bandaríkjaher á Miðnesheiði er frekar jákvætt, það er að minningar viðmælenda í þessari rannsókn eru jákvæðar frekar en neikvæðar. Á hinn bóginn þyrfti að skoða þetta viðhorf frekar með umfangsmeiri rannsókn svo hægt sé að fullyrða um slíkt.

Ætla mætti að sameiginlegt minni Keflvíkinga frá varnarliðsárunum sé afar svipað og viðmælendur allir sammála því að vera varnarliðsins hafi verið til góðs. Eyeran (2004) bendir á að samfélagslegt minni (collective memory) sé það sem samfélagið komi sér saman um og ef



tekið er mið af þeim viðmælendum sem taka þátt í rannsókn þessari bendir allt til þess að hið sameiginlega minni sé að vera varnarliðsins á Miðnesheiði hafi á heildina litið verið Keflavík til hagsbóta. Samfélagslegt minni sprettur af einstaklingunum og þar af leiðir að samfélagslegt minni Keflvíkinga sé á þann veg að vera varnarliðsins hafi verið af hinu góða. Wang (2008) fjallar um menningarlega samsetningu í samfélagslegu minni og bendir á að taka verði tillit til einkenna samfélagsins og einstaklinganna sem þar búa. Atburðinn eða minnið verði að setja í samhengi bæði menningarlegt samhengi, félagsfræðilegt og sögulegt samhengi. Dvöl Bandaríkjamanna í fimmtíu og fimm ár hafði áhrif því verður ekki neitað en rannsakandi bjóst við mun neikvæðari minningum og reynslu en raun bar vitni. Þær sögur, minningar og reynsla sem viðmælendur lögðu fram voru margar erfiðar og sumar ekki unnt að birta hér en þrátt fyrir það virðist sem hið sameiginlega minni sé að mestu leyti jákvætt í garð Bandaríkjamanna.

## 5.2 Konur og börn

Eins og fram kemur í niðurstöðum þessa verkefnis eru íslenskar konur ríkur þáttur í veru varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Nokkuð stór hópur íslenskra kvenna lögðu leið sína oft á skemmtistaði á vellinum. Um leið og það sást til þeirra með bandarískum hermanni eða á skemmtistöðunum voru sögusagnir komnar af stað. Hreppsnefnd Keflavíkur lýsir áhyggjum sínum strax árið 1943 að kornungar konur leggi lag sitt við erlenda gesti á vellinum. Ekki að ástæðulausu eins og fram kemur í viðtali við Silju er hún komin í samband við bandarískan hermann aðeins fjórtán ára gömul. Þó að það samband hafi farið leynt þá má gera ráð fyrir að ungar stúlkur í Keflavík hafi sótt í Bandaríkjamenn á vellinum. Að sjást með bandarískum hermanni þótti glapræði hjá stúlkum. Fram kemur í viðtali við Önnu, sem upplifði að vera niðurlægð af ókunnum manni, að sjást með bandarískum hermanni gat leitt til áreitni af hálfu Íslendinga. Íslenskar konur sem ekki lögðu lag sitt við erlenda hermenn töldu hinar sem voru í tygjum með þeim lítilsverðar og litu á margar sem hálfgerðar gleðikonur eða konur sem voru á jaðrinum eins og Svava nefnir. Svava talar um að konur sem fóru í kanann, eins og sagt var, voru

taldar óæðri og samfélagið hafi innrætt það í hana unga að það væri ekki fínt að vera í kananum, var algjört tabú. Margar íslenskar konur fóru illa út úr samskiptum sínum við bandaríska hermenn eins og sögurnar sýna í niðurstöðukaflanum. Kristján talar um að hafa misst þrjár systur sínar í kanann. En svo má velta fyrir sér ástæðunni, hvers vegna var það algjört tabú að vera í sambandi við Bandaríkjamenn? Hvers vegna var ekki í lagi að vera með bandarískum hermanni? Í mörgum tilfellum voru hermennirnir vel menntaðir, háttsettir innan Bandaríkjahers og góðir menn. Í bók Þóru Kristínar Ásgeirsdóttur (1994) koma fram sögur af konum sem giftust bandarískum hermönnum, allar þær konur sem rætt er við í bókinni fluttu til Bandaríkjanna og í mörgum tilfellum búa þar enn. Það virðist sem neikvæðu sögurnar fari hærra en þær jákvæðu og kannski sýnir umræðuna sem var í gangi í Keflavík á tímum varnarliðsins.

Var það samfélagið í Keflavík sem innrætti dætrum sínar að það að vera með Bandaríkjamanni væri ekki samþykkt? Í framhaldi af þessum vangaveltum má skoða hvort það sé sjálfsmýnd Keflvíkinga sem hefur ráðið þarna um. Skekkti það sjálfsmýnd Keflvíkinga, að konur væru í kananum? Samkvæmt kenningum um félagslega sjálfsmýnd sem Ian Brooks (2003) fjallar um í bók sinni kemur fram að einstaklingur skilgreinir sig í ákveðin hóp sem og móti samfélag sitt með hegðun. Draga má þá ályktun að Keflvíkingar hafi viljað sporna við að konur þeirra færu í kanann til að skekka ekki sjálfsmýnd þeirra. Að minnsta kosti athyglisverður punktur og gæti mögulega verið skýring á þeirri miklu athygli, umtali og dómum sem konur fengu ef þær lögðu lag sitt við Bandaríkjamenn. Svo er annar punktur sem vert er að nefna. Rannsakandi átti frænku sem giftist Bandaríkjamanni, alltaf var tekið fram að þau hjónin hefðu kynnst í Bandaríkjunum og þar með var það samþykkt að frænkan fór ekki í kanann, heldur giftist hún Bandaríkjamanni. Því má segja að frænkan í Bandaríkjunum skekkti ekki sjálfsmýnd samfélagsins, hún fór ekki á völinn.

Fram kemur í bókinni *Ástandið* (1989) að konur voru fluttar hreppaflutningum af íslenskum stjórnvöldum til að koma í veg fyrir að þær færu í samband við hermenn og gekk svo langt að lagt var bann var lagt við giftingu íslenskra kvenna við erlenda hermenn (Bjarni Guðmarsson og Hrafn Jökulsson, 1989).

Börn þeirra kvenna sem fóru í kanann fundu fyrir áhrifum samfélagsins og Svava og Íris tala báðar um þá tvíhyggju sem virtist eiga sér stað í samfélaginu. Svava talar um að hún hafi þurft að feta hárfína línu til að passa sig á að falla inn í samfélagið. Báðar töldu gott að hafa aðgang að vellinum og geta keypt hluti sem ekki voru á boðstólum í verslunum í Keflavík og í báðum tilfellum tala þær um það að vera í kanafötum, það er fatnaður sem keyptur var á Keflavíkurflugvelli, var ekki samþykkt af samfélaginu. Báðar fjalla um þá erfiðleika að alast upp með móður sem var í kanaanum, það var hálfgerð skömm sem þær upplifðu. Bæði Svava og Íris flytja til Bandaríkjanna og búa þar í nokkur ár en eru báðar búsettar á Íslandi í dag og hafa aldrei verið kenndar við bandaríska hermenn. Sú tvíhyggja sem var samþykkt af samfélaginu og í þeirra tilfelli í samfélagi barna, var það að eiga amerískt sælgæti en að ganga í klæðnaði sem ættaður var af vellinum var ekki samþykkt. Innrætingin virðist ná til barna í Keflavík því svo virðist sem margt hafi verið samþykkt af íbúum eins og til dæmis að börn ættu nóg af nammi af vellinum og gæfu öðrum börnum með sér. Svo virðist sem þessir tveir einstaklingar sem í dag eru fullorðnar konur hafi lagt á sig heilmikið erfiði til að passa inn í samfélag Keflvíkinga, passa inni sjálfsmynd Keflavíkur, ungar að árum. Sú tvíhyggja sem virðist hafa verið í gangi er á skjön við heimssöguna þegar að heimsveldi eins og Bretland hernámu lönd í Afríku eða annars staðar þá var það hernumda landið sem varð annars flokks en í tilfallinu hér á landi þá urðu það Bandaríkjamenn sem urðu annars flokks. Kaninn var ekki samþykktur inn í samfélagið og þeir sem áttu samneyti við þá voru jafnvel litnir hornauga. En svo var sá hinn sami sem leit hornauga kannski í vinnu hjá varnarliðinu og þáði laun af Bandaríkjaher en leit niður á hugmyndina að hafa samskipti við varnarliðið að öðru leyti en að vinna hjá því – þ.e. í viðtölum þessarar rannsóknar koma fram ýmsar vísbendingar sem benda í þessa átt. Þetta væri áhugavert að kanna nánar með frekari rannsóknum.

### 5.3 Atvinnan og smyglið

Ljóst er að þúsundir Íslendinga störfuðu hjá Bandaríkjaher á Keflavíkurflugvelli og höfðu sitt lífsviðværi af því allan sinn starfsaldur. Með hernum komu auðævi sem ekki höfðu sést fyrr hvorki í Keflavík né nokkurs staðar á Íslandi. Karl segir frá því er hann kom ungur til Keflavíkur til að vinna við sorphirðu og starfaði meira og minna á Keflavíkurflugvelli sína starfsævi. Keflavík óx hratt og peningaflæði var mikið. Verktakafyrirtæki urðu til sem einungis störfuðu fyrir herinn og höfðu einokunarsamninga sem giltu í mörg ár. Með nýjum vel launuðum störfum urðu Keflvíkingar efnaðir og eins virðist sem lífgæðakapphlaupið hafi verið stundað af miklum móð í víkinni við Stakksfjörð. Hlín sem er aðflutt talar um að allt hafi verið svo flott og fínt í Keflavík, að ungt fólk hafi átt allt, nýjar íbúðir, ný húsgögn og allar mögulegar græjur og flottustu bílana. Það var allt til í Keflavík, allir áttu allt. Svava talar um gríðarlegt peningaflæði þegar hún starfaði hjá varnarliðinu og sá um verktakasamninga. Með auknu peningaflæði breyttist ímynd hins litla bæjarfélags sem hafði fram að þessu verið sjávarútvegsbær og haft sitt lífibrauð af sjónum. Jónas frá Hriflu (1936) nefnir það í grein sinni og kemur fram í kaflanum um sögulega þróun að Keflavík væri fræg fyrir hrausta sjómenn sem stangast á við þau ummæli sem einn viðmælandi hefur um vinnusiðferði hjá varnarliðinu og telur að í mörgum tilvikum hafi Íslendingar verið gerðir að aumingjum í vinnu sinni fyrir herinn. Í viðtalinu kemur fram að viðmælandinn telur að margt fólk sem unnið hafi hjá varnarliðinu hafi tekið veikindadaga sína reglulega og almenn léleg mæting hafi verið hjá Íslendingum. Breyttust Keflvíkingar úr hraustum sjómönnum í vinnulatt fólk? Ekki er hægt að fullyrða það hér, útfrá þeim gögnum sem liggja til grundvallar í þessari rannsókn en áhugaverð spurning engu að síður.

Einn viðmælandinn talar um gífurlegan kapítalisma í Keflavík og telur að Sjálfstæðisflokkurinn hafi haldið völdum eins og raun ber vitni í mörg ár að einhverju leyti vegna veru Bandaríkjahers og bendir á að lífsgæðakapphlaupið er ef til vill hlaupið hraðar þar en annars staðar, að minnsta kosti var hlaupið hraðar að mati viðmælandans. Eyerman (2004) bendir á að óneitanlega fléttist samfélagslegt minni við sjálfsmynd samfélaga og að samfélagslegt minni geti birst í mörgum myndum eins og til dæmis atburðum sem hægt væri að

heimfæra á veru varnarliðsins, atburður sem varði í rúma hálfra öld. Atburðurinn hefur haft mikil áhrif á sjálfsmynd samfélagsins sem frá því að vera sjávarútvegs þorp fór í að verða gullgrafarabær sem fer í að vera stærsta atvinnulausa svæði á Íslandi. Það voru jú sjálfstæðismenn, að miklu leyti, sem voru hlyntir varnarsamningi við Bandaríkjamenn. Það mætti hugsanlega draga þá ályktun að samfélagslegt minni í Keflavík sé það að sjálfstæðismenn sem björguðu bænum með samþykki á varnarsamningum á sínum tíma og hafi orðið til þess að Keflavíkingar séu tryggir kjósendur flokksins.

Smygl var að nokkru leyti samþykkt af samfélaginu. Eins og fram kemur í viðtölum við Lilju þá var það í lagi að smygla þó hún hafi sjálf smyglað sigarettum fyrir sjálfa sig og kalkún einu sinni á ári var ekki óalgegn að stærri hlutum væri smyglað og ýmis ráð voru notuð. Menntu voru handteknir ef upp komst og misstu atvinnuna ef þeir störfuðu hjá varnarliðinu. Það var ólöglegt að smygla en samt „samþykkt“ að einhverju leyti eins og Íris sem var klædd í mörg lög af fötum til að fara í gegnum hliðið og var í raun látin smygla sem barn. Alþjóðavæðing í Keflavík og ekkert þjóðarstolt sögðu sumir og Sveinn Skorri Höskuldsson (1955) taldi þetta mikla ógn gegn hinni íslensku þjóð og menningu hennar. Margt var amerískt í Keflavík og kannski varð Keflavík að Litlu-Ameríku, að minnsta kosti í neyslulegu tilliti. Silja nefnir það í viðtali sínu að hún hafi upplifað það mjög neikvætt þegar Íslendingar plötuðu Bandaríkjamenn til að smygla fyrir sig.

## 5.4 Tónlist og samskipti

Tónlist var stór þáttur í skemmtistaðamenningu á Keflavíkurflugvelli. Kanaútvarpið hafði mikil áhrif á tilvonandi tónlistarmenn í Keflavík eins og Gunnar Þórðarson (Jóhann Hjartarson, 2008) og Rúnar Júlíusson (Ásgeir Tómasson, 2005). Í æviminningum þeirra beggja kemur fram þau miklu áhrif sem Kanaútvarpið og síðar Kanasjónvarpið hafði á þá. Í Kanaútvarpinu var hlustað á tónlist og löggin tekin upp og hermt eftir. Í viðtali við Morgunblaðið talar Gestur Guðmundsson

um dægurmenningu og þau áhrif sem vera varnarliðsins hafði á dægurmenningu, hann telur að þó að áhrifin hafi verið mikil þá hafi vera hersins ekki haft þau áhrif sem menn almennt telja. Bæði Gunnar og Rúnar telja að áhrif varnarliðsins hafi haft afgerandi áhrif á sköpun þeirra. Í Kanaútvarpinu hafi þeir haft aðgang að bandarískri tónlist sem ekki var aðgengileg annars staðar. Gestur telur að bandarísk áhrif hafi komið áður með öðrum leiðum en tónlist. Viðmælendur í þessari rannsókn telja hins vegar að sú tónlistarmenning sem blómstraði í Keflavík með hljómsveitum eins og Hljómum, Trúbroti og Júdasi hafi verið undir miklum áhrifum frá Kanaútvarpinu, sérstaklega til að byrja með, áður en Bítlarnir komu, sáú og sigruðu heiminn. Klúbbarnir á Keflavíkurlflugvelli voru þekktir fyrir lifandi tónlist og höfðu margir tónlistarmenn atvinnu af. Silja var líklega þeirra lengst, hún söng í klúbbunum á vellinum í um tuttugu ár. Óneitanlega hafði Kanaútvarpið mikið að segja í Keflavík og svo Kanasjónvarpið, þessir tveir miðlar komu með bandarísk áhrif beint inn á heimilin í Keflavík þar sem fyrir var aðgangur að Ríkisútvarpinu, eina ljósvakamiðlinum sem landsmenn höfðu aðgang að.

Heilmikil samskipti voru á milli Íslendinga og Bandaríkjamanna, sérstaklega þegar húsnæðiskostur var af skornum skammti á varnarsvæðinu. Hermenn gátu leigt húsnæði í Keflavík en aðallega var um fjölskyldur að ræða. Þegar byggð höfðu verið hús fyrir hermenn Bandaríkjahers var áfram í lagi að borgaralegir starfsmenn á vegum varnarliðsins leigðu húsnæði í Keflavík. Í upphafi var hver kytra leigð, jafnvel rúm barna þegar þau fóru í sveit eins og fram kemur hjá Kristjáni þegar hann rifjar upp Bandaríkjamenn í Keflavík. Anna hafði mikil samskipti við bandarískar fjölskyldur og hefur enn samband við sumar. Samgangur varð á milli fjölskyldna og eins og Anna lýsir í viðtali sínu að þær fjölskyldur sem leigðu á neðri hæð foreldra hennar voru afar tengdar hennar eigin fjölskyldu og mikill samgangur á milli fjölskyldna. Anna varð einnig barnfóstra hjá bandarískum fjölskyldum og gekk í arf á milli fjölskyldna, eins og hún orðar það. Þessi mikli samgangur sem átti sér stað sérstaklega þegar hermenn gátu leigt húsnæði í Keflavík hefur líklega orðið til þess að ímynd og sjálfmynd Keflavíkur hafi breyst. Með þeirri blöndum sem átti sér stað bendir ýmislegt til að Keflavík hafi haft bandarískan blæ yfir sér, það þótti ekkert mál þó að fólk smyglaði eða tæki upp siði frá kanaanum eins og börn í Keflavík gerðu til dæmis með því að ganga í hús og biðja um sælgæti á Halloween-hátíð Bandaríkjamanna.

Draga má þá ályktun að áhrif af veru varnarliðsins hafi verið ótvíræð hvort sem um ræðir atvinnu, smygl, konur, börn, tónlist eða samskipti. Sjálfsmynd bæjarins og samfélagslegt minni breyttist með tilkomu þeirrar alþjóðavæðingar sem kom með gestunum á Miðnesheiði. Eins og sjá má á þeim viðtölum sem hér koma fram hafði varnarliðsins mikil áhrif á daglegt líf bæjarbúa hvort sem það var í tengslum við atvinnu eða annað. Rannsakandi lagði áherslu á að ræða við fjölbreyttan hóp fólks, bæði þá sem höfðu starfað á vellinum og þá sem ekki höfðu starfað þar, konur sem höfðu gifst eða alist upp hjá bandarískum hermönnum, fólk sem hafði fjölbreyttan bakgrunn með tilliti til hersins. En niðurstaðan er að þrátt fyrir allt að allir viðmælendur eru sammála um ágæti þess að hafa haft varnarliðið á Keflavíkurflugvelli. Þrátt fyrir áhrif á daglegt líf, menningu eða annað, var það til góðs að hafa kanann á heiðinni, allavega í efnahagslegu tilliti. Niðurstöður þessarar rannsóknar gefa ákveðnar vísbendingar í þessa áttina en til þess að hægt sé að fullyrða um kosti menningarlegra áhrifa af veru varnarliðsins er þörf á umfangsmeiri og ítarlegri rannsókn.

## 5.5 Rannsóknir og möguleikar efnisins

Vera varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli er mikið til óþlægður akur með tilliti til rannsókna, þótt ýmislegt hafi verið skrifað og skoðað í þeim efnum og má þar helst nefna viðtalsbók Þóru Kristínar Ásgeirsdóttur (1994), rannsókn Gunnars Þórs Bjarnasonar (2008) og ritgerð Unnar Guðmundsdóttur og Þorvarðar Guðmundssonar (2008). Möguleiki er að skoða ofan í kjölinn til dæmis öll þau efnisatriði sem þetta verkefni hefur að geyma. Rannsókn þessi gæti verið upphafspunktur í áframhaldandi rannsóknum á þessu sviði.

Hagnýtt gildi rannsóknar er því ótvírætt fyrir rannsóknir framtíðarinnar á efni sem tengist veru varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Rannsóknin hefur einnig hagnýtt gildi þar sem takmarkaðar rannsóknir eru til um daglegt líf Keflvíkinga á herstöðvarárunum. Heimildamynd, byggð á frásögnum viðmælenda svo og fleiri aðila sem búa yfir svipaðri reynslu, væri einnig afar

vænn kostur ef vel er gert. Þeim Keflvíkum sem muna eftir komu hersins fer fækkandi og því áriðandi að safna saman þessum sögum sem fyrst. Sem dæmi mætti skoða tónlistarflutning íslenskra tónlistarmanna á vellinum með því að taka viðtal við þá tónlistarmenn sem unnu við að spila á klúbbum Bandaríkjamanna. Möguleiki er á að skoða hermannabörnin sérstaklega, þ.e. þau sem komu undir eftir stríð og á meðan að Keflavíkursamningurinn var í gildi. Smyglið er stór þáttur í veru varnarliðsins og talsverðir möguleikar sem felast í því efni. Menntunarstig í Keflavík er einnig þáttur sem er spennandi og áhugvert að skoða hann í tengslum við veru Bandaríkjamanna á heiðinni. Framhald af þessari rannsókn er einnig mögulegur kostur sem áframhaldandi rannsókn á efninu.

Verkefnið er viðbót við það efni sem Reykjanesbær hefur þegar eignast í sambandi við veru varnarliðs á heiðinni. Engar rannsóknir virðast áður verið gerðar um meginrannsóknarviðfangsefni þessa verkefnis, það er að skoða sérstaklega persónusögur og kanna hvort og að hvaða leyti kanamenning hafi ríkt í Keflavík og hver áhrif af veru varnarliðsins hafi verið á daglegt líf Keflvíkunga. Það er því óhætt að álykta að verkefnið komi að góðum notum í sögu Keflavíkur eða Reykjanesbæjar, t.d. í uppbyggingu menningartengdrar ferðabjónustu á Suðurnesjum.



## 6. Lokaorð

Í upphafi skal endinn skoða. Þegar viðfangsefni er valið í verkefni sem þetta mynda rannsakendur sér oft skoðun á niðurstöðum áður en þær verða ljósar. Efni var ekki auðvelt að nálgast nema með þeirri leið sem hér er farin. Ekki eru til miklar heimildir um menningarleg áhrif eða áhrif á daglegt líf Keflvíkinga og er því nýmæli rannsóknar þessarar töluvert. Þegar sú leið er farin líkt og í þessu verkefni að nota eigindlega aðferð með hálfopnum djúpvíðtölum er ómögulegt að segja hvert verkefnið leiðir viðkomandi rannsakanda. Í hálfopnum djúpvíðtölum á sér stað flæði þar sem viðmælendur láta hugann reika og segja frá minningum sínum, reynslu sinni og upplifunum. Það var áberandi í verkefni þessu að allir viðmælendur voru afar jákvæðir í garð verkefnisins og voru viljugir til viðtals. Það er þakkavert. Í raun eru það viðmælendurnir sem ráða ferðinni, rannsakandinn er aðeins verkfæri sem vinnur úr efniviðnum.

Áhrif varnarliðsins eru víðfeðm og í raun jafn fjölbreytt og mannlífið sjálft. Hér er aðeins yfirborðið skoðað og skyggst örlítið undir það en mjög fjölbreyttir og áhugaverðir þættir eru til að skoða og gera viðameiri rannsóknir á. Atvinnan ein og sér getur spannað heila ritröð og sögur kvenna og barna eru einnig afar áhugaverður þáttur, svo ekki sé minnst á tónlistina og þátt varnarliðsins í þróun tónlistar í Keflavík. Allt eru þetta verðug rannsóknarefni sem óskandi væri að einhvern tíma kæmust á blað. Viðmælendum þakka ég fyrir að deila með mér sögum og gefa mér efnivið.

## Heimildaskrá

Ágúst Einarsson. (2008). *The economic impact and public cultural expenditures on creative industries under increasing globalization*. Bifröst Journal of Social Science 2(2008).

Árni Bergmann. (2010). *Alvara leiksins, ævisaga Gunnars Eyjólfssonar*. Reykjavík : JPV útgáfa.

Ásgeir Tómasson. (2005). *Rúnar Júlíusson, Herra Rokk*. Reykjavík : Tindur .

Bjarni Guðmarsson. (1999). *Saga Keflavíkur 1920-1949*. Reykjanesbær: Reykjanesbær.

Bjarni Guðmarsson og Hrafn Jökulsson. (1989). *Ástandið*. Reykjavík: Tákn bókaútgáfa.

Björn Bjarnason. (1978). Viðhorfin til varnarliðsins. *Lesbók Morgunblaðsins* , bls. 2-5/15.

Björn Bjarnason, Gunnlaugur Claessen, Jón Óttar Ragnarsson og Hannes Gissurarson. (1973). Er hinn þögli meirihluti á Íslandi mesta byltingaraflið? (Rafræn heimild). *Eimreiðin*, 79. árg., bls. 94-111.

Brooks, I. (2003). *Organisational Behaviour, Individuals, Groups and Organisations*. London: Pearson Education Limited.

Dagný Gísladóttir. (2010). *Bruninn í Skildi, 30. desember 1935*. Reykjanesbær.

Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw Hill.

Eyerman, R. (2004). Past and the present: Culture and the transmission of memory [rafræn heimild]. *Acta Sociologica*, vol.47, No.2 , 159-169.

Fichte, J, G. (1846). Reden an die deutsche Nation, í I.H. Fichte, *Johann Gottlieb Fichte's samtliche Werke*, 7. bd. (Berlin, 1846 (1807-1808)).

Friðþór Eydal. (2007). *Frá heimstýrjöld til hverndar, Keflavíkurstöðin 1942-1951*. Reykjavík : Bláskeggur.

Gunnar Þór Bjarnason. (2008). *Óvænt áfall eða fyrirsjáanleg tímamót? Brottför Bandaríkjahers frá Íslandi: Aðdragandi og viðbrögð*. MA verkefni við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

Guðmundur Hálfðánarson. (2001). *Íslenska þjóðríkið: uppruni og endamörk*. Reykjavík : Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavíkur Akademían. .

Herder, J.G. (1887). *Ideen zur Philosophie der Geschichte der Menschheit*, í B.L. Suphan, ritstj., *Herders samtliche Werke*, 13 bd. (Berlin, 1887 (1784-1791)).

Jónas Jónsson. (1936). Dögun í Keflavík, *Nýja dagblaðið*. 4:240, bls. 3.

Jóhann Hjartarson. (2008). *Hljómagangur, Gunnar Þórðarson*. Reykjavík: Bókaútgáfan Æskan/Almenna útgáfan.

Kvale, S. (1996). *InterViews. An introduction to qualitative researce interviewing*. California: Sage.

Rannveig Traustadóttir. (1993). *Könnun á atvinnuhögum nemenda brautskráðra frá starfsdeild Öskjuhlíðaskóla*. Reykjavík. Landssamtökin Þroskahjálp.

Renan, E. (1947). *Qu'est-ce qu'une nation?* Í H. Psichari, ritstj. *Euvres complètes de Ernest Renan*, 1 bd. (París, 1947) bls. 887-906

Robson, C. (2002). *Real world research, second edition*. Oxford: Blackwell.

Sveinn Skorri Höskuldsson. (1955). Við eigum skyldu að rækja. *Stúdentablaðið*. 1.tbl. 32. árg, 24-25.

Thorsby, D. (2001). *Economics and culture*. New York : Cambrigde University Press.

Wang, Q. (2008). On the cultural constition of collective memory [rafræn heimild]. *Memory* , 305-317.

Unnur Guðmundsdóttir og Þorvarður Guðmundsson. (2008). *Hernám hugans: Áhrif af veru Varnarliðsins á Keflavíkurlflugvelli*. B.Ed ritgerð við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. [url:http://hdl.handle.net/1946/1900](http://hdl.handle.net/1946/1900).

Urður Gunnarsdóttir. (2001, 05.05). Menntamenn misstu jarðsambandið. *Morgunblaðið C*. Sótt 27.maí. 2011 af :

[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=249210&pageId=3395424&lang=is&q=%E1hrif%20he rsins%20%E1%20menningu%20%ED%20Keflav%EDk](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=249210&pageId=3395424&lang=is&q=%E1hrif%20he rsins%20%E1%20menningu%20%ED%20Keflav%EDk)

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir. (1994). *Herbrúðir*. Reykjavík: Fróði hf.